# FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —






Verð-
**lækkun!**

Samsung
**Galaxy S10+** | 128 GB

**149.990 kr.**

~~Verð áður **154.990 kr.**~~



Verð-
**lækkun!**

**Besti** farsímadíllinn! **0 kr.** net, tal og sms.

Samsung
**Galaxy S10** | 128 GB

**129.990 kr.**

~~Verð áður **136.990 kr.**~~

# **Besti** farsímadíllinn hjá Nova!

**Notkun fylgir!**

Frí notkun fylgir öllum símum í mánuð.

**Afsláttur af aukahlutum!**

10% aukahlutaafsláttur fylgir draumasímanum.

**Skilað og skipt!**

Er síminn enn í umbúðunum? Við endurgreiðum!

**Endurgræddu!**

Komdu með gamla tækið í endurgræðslu og fáðu inneign. Allir græða!



**0 kr.** net, tal og sms

Samsung
**Galaxy A50** | 128 GB

**49.990 kr.**



**0 kr.** net, tal og sms

Samsung
**Galaxy A20** | 32 GB

**29.990 kr.**



**0 kr.** net, tal og sms

Xiaomi
**Redmi GO** | 8 GB

**12.990 kr.**

**Frítt stöff!**




Nova
**Söngbókin**

**0 kr.**

**Sæktu Nova appið!**

FRÉTTABLAÐIÐ
148. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 28. JÚNÍ 2019

# Hæfisnefndin sætir harðri gagnrýni

**Minnst sjö umsækjendur andmæltu mati hæfisnefndar um skipun seðlabankastjóra. Furða sig á að matið taki ekki til greina sameiningu Seðlabankans og FME. Telja jafnræðisregluna brotna.**

**STJÓRNSÝSLA** Umsækjendur um stöðu seðlabankastjóra telja verulega vankanta á málsmeðferð nefndarinnar sem hafði umsjón með hæfnismati á umsækjendum. Fréttablaðið hefur staðfestar heimildir fyrir því að minnst sjö af þeim átta umsækjendum sem ekki voru metnir mjög vel hæfir hafi andmælt matinu. Á meðal rökstuðningsins sem þeir leggja fram er að nefndin hafi ekki gætt jafnræðis umsækjenda og ekki framkvæmt heildstæðan samanburð.

Umsækjendur sem Fréttablaðið ræddi við furða sig á því að nefndin hafi ekki tekið til greina þær veigamiklu breytingar sem fyrirhugaðar eru með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Það sé verulegur ágalli á hæfnismatinu enda ljóst að starfið muni krefjast meiri stjórnunarhæfileika en áður.

Nefndin ákvað að bjóða umsækjendunum tólf að mæta í viðtal. Eftir viðtölin var niðurstaða nefndarinnar sú að ræða aftur við fimm umsækjendur. Í seinni umferð voru umsækjendur spurðir nánar út í stjórnunarhæfileika en sá hæfnisþáttur var lítið sem ekkert ræddur í fyrstu umferðinni. Í drögum að hæfnismatinu eru fjórir taldir mjög vel hæfir.

Þeir sem ekki voru boðaðir í annað viðtal telja að nefndin hafi brotið jafnræðisregluna. Þeir hafi ekki fengið tækifæri til að varpa ljósi á stjórnunarhæfileika sína sem verða veigamikill þáttur í starfi seðlabankastjóra þegar sameiningin við Fjármálaeftirlitið gengur í gegn. Nefndin hafi því ekki gert heildstæðan samanburð á umsækjendum.

Fréttablaðið sendi forsætisráðuneytinu fyrirspurn um hvort ráðuneytið teldi mat nefndarinnar fullnægjandi og hvort ráðherra hefði til skoðunar að ráðast í sjálfstæða rannsókn á hæfni umsækjenda sem tæki tillit til fyrirhugaðrar sameiningar Seðlabankans og FME. Engin svör bárust frá ráðuneytinu.

**– hae, tfh / sjá síðu 8**

## Miðflokkurinn skákar Framsókn

**STJÓRNMÁL** Endaskipti hafa orðið á fylgi Framsóknarflokksins og Miðflokksins samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið nú í vikunni. Miðflokkurinn bætir rúmum þremur prósentum við sig milli kannana og er kominn í 9,8 prósent. Framsóknarflokkurinn er hins vegar dottinn niður í 7,1 prósent.

„Mér þykir skemmtilegra að fara upp en niður í könnunum þannig að svo ég sé alveg hreinskilinn finnst mér mjög gaman að heyra þessi tíðindi,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.**

Vinstri græn bæta einnig við sig fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn dalar. Píratar fá mest fylgi stjórnarandstöðuflokka. **– aá / sjá síðu 4**

**Þróun fylgis Miðflokksins og Framsóknarflokksins**






Sirkus Íslands æfði sig af kappi í gærkvöldi fyrir sýningu sína sem hefst í dag. Í sirkustjaldinu í Vatnsmýrinni er lofað litríkri fjölskyldusýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri sirkusmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



## Veður




Sunnan og suðvestan 5-13 m/s. Skýjað en úrkomulítið, en skýjað með köflum fyrir austan. Fer að rigna SV-lands undir kvöld. Hægari í kvöld og nótt og rigning eða súld í flestum landshlutum. SJÁ SÍÐU 18

# Sjóræningjar léku lausum hala



Það var skrautlegur útgangurinn á börnunum í leikskólanum Hlíð við Engihlíð í Reykjavík í gær þegar haldinn var sjóræningjadagur. Nemendur, kennarar og starfsfólk klæddu sig upp eins og ræningjar og ruplarar úthafanna. Engu var þó stolið enda allir góðir í Hlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Eigendur fá milljarða í arð

**VIÐSKIPTI** Á aðalfundi Bláa lónsins, sem haldinn var í gær, samþykkti félagið að greiða út í kring um 30 milljónir evra, eða tæplega 4,3 milljarða króna í arð í ljósi frammistöðu fyrirtækisins á síðasta ári. Greiddar voru um 16 milljón evrur, eða tæplega 2,3 milljarðar króna, á núvirði í arð á síðasta ári.

Hvatning slhf., sem á 39,1 prósent í félaginu og er í eigu Kólfs ehf. er að stærstu leyti í eigu Gríms Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, og Eðvards Júlíussonar. Í fyrra keypti Kólfur rétt undir helming í Hvatningu af Horni II, en samkvæmt því mun Hvatning fá tæplega 1,7 milljarða króna í arðgreiðslu.

> **Með þessari uppbyggingu tók Bláa Lónið mikilvæg skref til að þjónusta nýjan markhóp, ferðamenn sem leita eftir afar miklum gæðum.**

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, segir í fréttatilkynningu að allar fjárfestingar félagsins í gegnum árin hafi miðað að því að byggja upp starfsemi í kringum upplifun gestanna.

„Á árinu var nýtt hótel og upplifunarsvæði undir merkjum The Retreat opnuð ásamt tveimur nýjum veitingastöðum. Með þessari uppbyggingu tók Bláa Lónið mikilvæg skref til að þjónusta nýjan markhóp, ferðamenn sem leita eftir afar miklum gæðum, svokallaða fágætisferðamenn.“

„Skattspor Bláa Lónsins nam um 5 milljörðum króna árið 2018 og stækkaði um 56% frá árinu 2017 en þá var það í hópi þeirra tíu fyrirtækja sem borguðu mesta skatta og opinber gjöld á Íslandi.“ – pk

## Annar galli í Boeing 737

**SAMGÖNGUMÁL** Flugmálastofnun Bandaríkjanna gaf í gær út að nýr „mögulegur galli“ í Boeing 737 MAX-vélunum hafi uppgötvast við prófanir í flughermum. Stofnunin hefur þó enn ekki skýrt nánar í hverju gallinn felst en líklegt þykir að þetta muni lengja þann tíma sem vélarnar verða kyrrsettar. BBC greinir frá.

Boeing vinnur nú að því að uppfæra flugstýrikerfi vélanna en það er talið hafa valdið flugslysunum tveimur sem leiddu til þess að allar 737 MAX-vélar heims voru kyrrsettar.

Í síðasta mánuði gaf stofnunin til kynna að leyfi fyrir breytingum sem Boeing vildi gera á vélunum kæmi líklega seint í júní. Það hefði gert það að verkum að fyrirtækið gæti hafið reynsluflug snemma í júlí en ljóst er að svo verður ekki. – ókp

# Vinnuskólakrakkar mótmæla í hádeginu

**Hópur nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur tekur frí frá hefðbundnum störfum á morgun til að taka þátt í mótmælum. Móðir segir koma á óvart að hafa ekki verið látin vita. Skólastjóri segir að enginn sé hvattur til að taka þátt.**

**REYKJAVÍK** „Við erum alls ekki að hvetja alla til að taka þátt í þessu. Það eru rúmlega 40 til 50 krakkar sem hafa áhuga á að taka þátt í skólaverkfallinu á morgun. Það eru alls ekki allir að fara,“ segir Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur.

Nemendum Vinnuskóla Reykjavíkur býðst að taka þátt í umhverfisráði í Borgartúni á morgun. Þar munu þau læra um getu til aðgerða, fara í leiki tengda umhverfismálum og lýðræði og búa til mótmælaskilti. Í hádeginu munu nemendurnir fara ásamt grænum fræðsluleiðbeinendum úr Borgartúninu að Hallgrímskirkju og taka þátt í verkfalli ungmenna gegn aðgerðarleysi í loftslagsmálum.

Þeir sem taka þátt fá greitt samkvæmt taxta skólans, þeir sem taka ekki þátt halda áfram í hefðbundnum störfum.

Allir nemendur vinnuskólans fá umhverfisfræðslu hjá svokölluðum grænum fræðsluleiðbeinendum. Er það hluti af verkefninu Skólar á grænni grein, en Vinnuskóli Reykjavíkur hlaut fyrst grænfánann fyrir áratug. Grænir fræðsluleiðbeinendur eru fjögurra manna teymi sem fer á milli vinnuskólanna í sumar.

„Þau fara á milli hópanna og fræða nemendur um umhverfismál í víðum skilningi,“ segir Magnús. „Það er líka verið að hvetja nemendurna til að vera virkir, fræða þau um ýmis samfélagsmál, mannréttindi, lýðræði og fleira slíkt. Við leggjum áherslu núna á getu til aðgerða í ljósi þessara skólaverkfalla sem hafa verið í gangi.“ Nemendur í Vinnuskólanum fá einnig fræðslu frá jafningjafræðslu Hins hússins ásamt fræðslu gegn ofbeldi.



Meira en helmingur nemenda í 8. til 10. bekk í Reykjavík starfar í Vinnuskólanum í sumar. Hópur þeirra hyggst taka frí á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er líka verið að hvetja nemendurna til að vera virkir, fræða þau um ýmis samfélagsmál.**
>
> Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur



Margrét Helga Theodórsdóttir, móðir nemanda í vinnuskólanum, segir það hafa komið sér á óvart þegar hún frétti að sonur sinn hafi verið á leiðinni á mótmæli. „Ég hefði viljað betra upplýsingaflæði þegar verið er að gera eitthvað svona út fyrir þetta hefðbundna starf,“ segir Margrét. „Ég hélt að hann ætti að reyta arfa, en líka að fá fræðslu. Þegar þetta er komið út í að búa til kröfuspjöld og fara í mótmæli þá hefði ég helst viljað fá póst.“

Starfsmaður skrifstofu Vinnuskóla Reykjavíkur segir að í gær hafi ekki verið búið að senda dagskrána út til foreldra. Magnús segir að það eigi að vera búið að láta foreldra fá dagskrána. „Það á að vera þannig náttúrulega að foreldrar fái upplýsingar þegar krakkarnir taka þátt í einhverju svona.“

Nemendum í vinnuskólanum fjölgaði um 15 prósent milli ára og eru nú 2.250 nemendur í 8. til 10. bekk skráðir. Starfa þau í þrjár vikur á þremur tímabilum frá júní fram í ágúst. arib@frettabladid.is



# % ÚTSALAN ER HAFIN! %

## ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR*

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

## ÖLL TJÖLD*
**20%**

*GILDIR TIL 30.06.19

## ÖLL ÚTILEGUVARA*
**20%**

*GILDIR TIL 30.06.19

## ÖLL NÁTTBORÐ*
**20%**

*GILDIR TIL 02.07.19

## ALLIR SLOPPAR OG STURTUHENGI*
**25%**

*GILDIR TIL 02.07.19

## ÖLL KREPSÆNGURVER*
**30%**

*GILDIR TIL 02.07.19

## ÖLL SÓFABORÐ*
**20-30%**

*GILDIR TIL 02.07.19

## LUXURY SLEEP RÚM*

90x200 cm ~~109.950~~ nú **79.950**
120x200 cm ~~129.950~~ nú **89.950**
140x200 cm ~~139.950~~ nú **99.950**
160x200 cm ~~159.950~~ nú **109.950**
180x200 cm ~~169.950~~ nú **119.950**

*Með 5 þægindasvæðum*

*Sparið allt að* **50.000**

NÚ VERÐ FRÁ:
**79.950**

*GILDIR TIL 02.07.19

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

# Miðflokkurinn kominn á mikið flug

**Miðflokkurinn nálgast kjörfylgi sitt samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Fylgi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins dalar hins vegar. Vinstri græn bæta við sig fylgi ein stjórnarflokka. Píratar eru stærstir í stjórnarandstöðu samkvæmt könnuninni.**

**STJÓRNMÁL** Endaskipti hafa orðið á fylgi Framsóknarflokksins og Miðflokksins samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið nú í vikunni. Miðflokkurinn bætir rúmum þremur prósentum við sig milli kannana og er nú með 9,8 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn tapar hins vegar rúmum tveimur prósentum og er dottinn niður í 7,1 prósent.

Vinstri græn eru eini stjórnarflokkurinn sem bætir við sig fylgi milli kannana. Flokkurinn mælist nú með 13,1 prósent en var með 10,2 prósent í síðustu könnun. Sjálfstæðisflokkurinn tapar hins vegar fylgi og fer úr 24,2 prósentum niður í 22,6.

Fylgi við ríkisstjórnina hreyfist hins vegar lítið milli kannana en þó segjast nú mun fleiri ekki vita hvort þeir styðja stjórnina.

Fylgið er líka á hreyfingu meðal flokka í stjórnarandstöðu. Auk breytinga á fylgi Miðflokksins er mest hreyfing á fylgi Pírata og Samfylkingarinnar. Píratar bæta við sig rúmum tveimur prósentum frá síðustu könnun og fara úr 13 prósentum upp í 15,2 prósent og eru stærsti flokkurinn í stjórnarandstöðu og með næstmest fylgi flokka á eftir Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin, sem var með 17,4 prósent í síðustu könnun, tapar hins vegar þremur prósentum og fer niður í 14,1 prósent.

Fylgi Viðreisnar er hins vegar stöðugt milli kannana, Var 9,9 prósent í síðustu könnun og er nú 9,7 prósent. Flokkur fólksins tapar einu prósenti milli kannana og fer úr 5,3 prósentum í 4,3 prósent.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, segist ekki eltast við skoðanakannanir, þegar blaðið leitaði viðbragða hans við könnuninni. Kannanir geti ruglað menn og segi ekki mikið um niðurstöður kosninga.

„Það sem skiptir máli eru kosningar. Ég hef trú á því að ef flokkar sýna staðfestu og að þeim sé alvara með að standa við stefnumálin verði það metið í kosningum,“ segir Sigmundur en bætir við:

„Samt verð ég að viðurkenna að mér þykir skemmtilegra að fara upp en niður í könnunum þannig að svo ég sé alveg hreinskilinn finnst mér mjög gaman að heyra þessi tíðindi.“

Könnunin var gerð dagana 25.-27. júní 2019. Hún var send á 2.000 manna könnunarhóp Zenter rannsókna, 18 ára og eldri. Svarhlutfallið var 51 prósent og voru svörin vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

adalheidur@frettabladid.is

## Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú?




## Miðflokkurinn að ná sér eftir fylgishrun í kjölfar Klausturshneykslisins

Frá því síðasta könnun Zenter var gerð um mánaðamótin febrúar/mars hafa hugðarefni Miðflokksins verið mjög í brennidepli. Þar í fararbroddi er þriðji orkupakkinn en fyrri umræða um málið fór fram í þinginu snemma í apríl og var það svo í meðförum utanríkismálanefndar fram í maí þegar síðari umræða hófst í þingsal með málþófi Miðflokksins. Frumvarpi sem heimila á innflutning á ófrosnu kjöti hefur einnig verið mjög mótmælt af Miðflokknum á þeim tíma sem leið milli kannana. Bæði þessi mál eru umdeild innan grasrótar Framsóknarflokksins og verður að ætla að drjúgur hluti grasrótarflokksins sé að refsa forystunni nú og færa sig yfir til Miðflokksins.

Miðflokkurinn var stofnaður 15. október 2017 og sópaði til sín miklu fylgi strax í fyrstu kosningum sem fóru fram tveimur vikum síðar og fékk tæp 11 prósent. Fylgi flokksins hrundi í kjölfar Klausturshneykslisins síðastliðið haust og fór niður í rúm fjögur prósent. Á vormánuðum var flokkurinn byrjaður að ná vopnum sínum og mældist með 6,6 prósenta fylgi í mars og er nú aðeins einu prósenti frá því að ná kjörfylgi sínu.

## Þróun fylgis Miðflokks og Framsóknarflokks




## Fylgi við stjórnina

Fylgi við ríkisstjórnina hreyfist lítið milli kannana en þó segjast nú mun fleiri ekki vita hvort þeir styðji stjórnina. Vinstri græn bæta ein stjórnarflokka við sig fylgi, um tæp 3 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn tapa hins vegar fylgi; samtals 4,5 prósentum.

„Mér finnst mikilvæg vísbending fyrir ríkisstjórnina að fylgi hennar sé að haldast tiltölulega stöðugt. Það er jákvæð breyting frá því sem verið hefur um fylgi ríkisstjórna á síðasta áratug,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna.

> **Mikilvæg vísbending fyrir ríkisstjórnina að fylgi hennar haldist tiltölulega stöðugt.**
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



## Styður þú ríkisstjórnina?









# Krefja ráðuneytið um gögn og útreikninga að baki „hæpnum fullyrðingum“ heilbrigðisráðherra

**LÝÐHEILSA** Félag atvinnurekenda (FA) hefur farið fram á það á grundvelli upplýsingalaga að heilbrigðisráðuneytið afhendi félaginu öll þau gögn og útreikninga sem liggja að baki ítrekuðum fullyrðingum Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um gosdrykkjaneyslu Íslendinga. Þetta kemur fram í bréfi sem sent var ráðuneytinu í gær og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Tilefnið eru áform um álagningu sykurskatts vegna aðgerðaáætlunar Landlæknisembættisins í því skyni að draga úr neyslu sykurs. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir í bréfinu að megintillagan gangi út á að leggja skatt á gosdrykki, jafnt sykraða sem ósykraða, og sælgæti. Félagið hefur lagst hart gegn þessum áformum en í umræddu bréfi eru það skrif ráðherra í Morgunblaðinu þar sem hún fullyrðir að 34 prósent af viðbættum sykri í fæði landsmanna komi úr sykruðum gos- og svaladrykkjum.

Ólafur vísar í fyrri erindi félagsins vegna hugmynda um gosskatt þar sem hæpnar fullyrðingar um meiri neyslu Íslendinga á sykruðum gosdrykkjum en nágrannaþjóða eru dregnar í efa. Embættið virðist byggja á gögnum Hagstofunnar um gosdrykkjaneyslu sem ekki sé sundurliðuð í sykraða og ósæta drykki og álykta út frá þeim um neyslu á sykruðu gosi. Gögnin séu þar að auki allavega átta ára gömul í dag.

„Félag atvinnurekenda ítrekar mikilvægi þess að afdrifaríkar ákvarðanir um íþyngjandi skattlagningu séu ekki teknar nema á grundvelli haldbærra, nýlegra gagna,“ segir Ólafur í bréfinu. **– smj**

> **Félag atvinnurekenda ítrekar mikilvægi þess að afdrifaríkar ákvarðanir um íþyngjandi skattlagning séu ekki teknar nema á grundvelli haldbærra, nýlegra gagna**
>
> Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA.



HÚSASMIÐJAN

blómaval





Sumar

# ÚTSALA

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

## Allt að 50% afsláttur

Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%
Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%
Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%
Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%
Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%
ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%
Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%
... auk hundruð annarra útsölutilboða



Nánar á husa.is

# Verulegir vankantar á hæfnismatinu

**Minnst sjö umsækjendur hafa andmælt mati hæfisnefndar um skipun seðlabankastjóra. Furða sig á því að matið taki ekki til greina sameiningu Seðlabankans og FME þar sem starfið krefjist meiri stjórnunarhæfileika en áður. Jafnræðisreglan hafi verið brotin.**

**STJÓRNSÝSLA** Umsækjendur um stöðu seðlabankastjóra telja verulega vankanta á málsmeðferð nefndarinnar sem hafði umsjón með hæfismati á umsækjendum. Fréttablaðið hefur staðfestar heimildir fyrir því að minnst sjö af þeim átta umsækjendum sem ekki voru metnir mjög vel hæfir, hafi andmælt matinu. Á meðal rökstuðningsins sem þeir leggja fram er að nefndin hafi ekki gætt jafnræðis umsækjenda, ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni í skilningi stjórnsýslulaga og ekki framkvæmt heildstæðan samanburð á umsækjendum.

Hæfisnefnd um skipun seðlabankastjóra komst að þeirri niðurstöðu að fjórir umsækjendur stæðu öðrum framar og teldust mjög vel hæfir til að gegna embættinu. Þeir eru Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfi Magnússon og Jón Daníelsson.

Enn fremur var niðurstaða nefndarinnar að Gunnar Haraldsson, Gylfi Arnbjörnsson, Katrín Ólafsdóttir, Sturla Pálsson og Sigurður Hannesson væru vel hæf til að gegna embættinu. Þá voru Ásgeir Brynjar Torfason, Jón Gunnar Jónsson og Vilhjálmur Bjarnason taldir hæfir. Skila þurfti andmælum í síðasta lagi miðvikudaginn 19. júní.

Umsækjendur sem Fréttablaðið ræddi við furða sig á því að nefndin hafi ekki tekið til greina þær veigamiklu breytingar sem fyrirhugaðar eru með sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Það eitt og sér sé verulegur ágalli á hæfnismatinu enda ljóst að eðli starfsins muni breytast töluvert og krefjast meiri stjórnunarhæfileika en það hefur áður gert. Því megi velta fyrir sér hvort mark sé takandi á hæfnismatinu.

### Sumir fengu tvö tækifæri

Nefndin ákvað að bjóða umsækjendunum tólf að mæta í viðtal. Eftir þau viðtöl var það niðurstaða nefndarinnar að ræða aftur við umsækjendurna Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfa Magnússon, Jón Daníelsson og Katrínu Ólafsdóttur. Í seinni umferð viðtala voru umsækjendur spurðir nánar út í stjórnunarhæfileika, umfang mannaforráða undanfarin ár, stjórnunarstíl og hvernig sú reynsla gæti nýst þeim í starfi seðlabankastjóra. Þessir hæfnisþættir voru lítið sem ekkert ræddir í fyrstu umferðinni.

Þeir sem ekki voru boðaðir í annað viðtal telja að nefndin hafi brotið jafnræðisregluna með því að haga málum með þessum hætti. Þannig hafi þeir til að mynda ekki fengið tækifæri til að varpa ljósi á stjórnunarhæfileika sína sem verða veigamikill þáttur í starfi seðlabankastjóra þegar sameiningin við Fjármálaeftirlitið gengur í gegn. Nefndin hafi því ekki gert heildstæðan samanburð á umsækjendum.

Umsækjendur furðuðu sig á því hvernig nefndin framkvæmdi matið. Matið var að hluta byggt á starfsferilskrám umsækjenda en nefndin mun hafa tekið þær gildar án þess að rannsaka frekar hvað lægi á bak við og hvort fyrri störf hefðu í raun krafist stjórnunarhæfileika. Nefndin hefði ekki farið í saumana á fullyrðingum og því hefðu umsækjendur í raun getað, eins og einn orðaði það, sagt hvað sem er um sjálfa sig.

Þá töldu sumir að nefndin hefði lagt huglægt og óskiljanlegt mat á stjórnunarhæfileika þar sem seta í stjórn fyrirtækja eða stofnana var metin ofar því að gegna stöðu framkvæmdastjóra til margra ára eða að leiða viðamikil verkefni farsællega til lykta. Nokkrir höfðu orð á því að vinnubrögð af þessu tagi sæjust ekki þegar seðlabankastjórar eru skipaðir erlendis.

### Viðbótarskilyrði án stoða

Einn umsækjandi vakti athygli á því að nefndin hefði sett viðbótarskilyrði sem átti sér enga stoð en lögum samkvæmt skal seðlabankastjóri hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum. Þrátt fyrir doktorspróf umsækjanda í tengdri grein var hann færður niður í flokkinn vel hæfur með þeirri röksemd að prófið væri „án áherslu á lögbundið verksvið SÍ“. Velti hann upp þeirri spurningu hvort Már Guðmundsson, núverandi seðlabankastjóri, sem er ekki með doktorspróf, hefði verið flokkaður mjög vel hæfur í þessu hæfismati.

Eins og Fréttablaðið hafði áður greint frá bárust forsætisráðuneytinu kvartanir frá umsækjendum vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur, hagfræðings við Yale-háskóla og bankaráðsmanns í Landsbankanum, sem formanns þriggja manna hæfisnefndar sem á að meta hæfi þeirra sem sóttu um embættið. Gagnrýnt var að Sigríður leiddi hæfisnefndina á sama tíma og hún væri í bankaráði Landsbankans enda eigi bankinn, sem stærsti viðskiptavinur Seðlabanka Íslands, verulegra hagsmuna að gæta sem snýr að ýmsum ákvörðunum Seðlabankans. **hordur@frettabladid.is thorsteinn@frettabladid.is**



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun taka endanlega ákvörðun um ráðningu seðlabankastjóra í júlímánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hæfir:



Ásgeir Brynjar Torfason



Jón Gunnar Jónsson



Vilhjálmur Bjarnason

## Vel hæfir:



Gunnar Haraldsson



Gylfi Arnbjörnsson



Katrín Ólafsdóttir



Sturla Pálsson



Sigurður Hannesson

## Mjög vel hæfir:



Arnór Sighvatsson



Ásgeir Jónsson



Gylfi Magnússon



Jón Daníelsson

## Allir komu vel fyrir

Í skipunarbréfi nefndarinnar var mælt fyrir um að nefndin skyldi við mat á hæfni umsækjenda einnig hafa hliðsjón af hæfni í mannlegum samskiptum. Í drögum að hæfnismatinu , sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að einkum hafi verið stuðst við viðtöl nefndarmanna við umsækjendur við mat á þessum þætti.

„Í viðtölunum komu allir umsækjendur vel fyrir og er á grundvelli þeirra ekki forsenda til að gera upp á milli þeirra með hliðsjón af þessum efnisþætti,“ segir í drögunum.

Samkvæmt þessu virðist sem nefndin hafi ekki rannsakað nánar hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra, sem mun leiða sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, í mannlegum samskiptum. Þar sem allir umsækjendur þóttu koma vel fyrir hafði þessi hæfnisþáttur ekki áhrif á niðurstöðu matsins.

## Betra að sitja í stjórn en framkvæmdastjórn

Nefndin lagði meðal annars mat á starfsreynslu en samkvæmt lögum þarf seðlabankastjóri að búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Í umfjöllun nefndarinar, svo dæmi sé tekið, kemur fram að Jón Gunnar Jónsson, sem hefur gegnt embætti forstjóra Bankasýslu ríkisins frá árinu 2012 og starfaði áður í 16 ár hjá Merril Lynch, sé hæfur.

Nefndin metur Vilhjálm Bjarnason vel hæfan og telur honum til tekna að hafa starfað sem útibússtjóri, verðbréfamiðlari, kennari, sérfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands, og átt sæti í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Auk þess sitji hann í stjórn Bankasýslu ríkisins.

Gunnar Haraldsson er einnig metinn vel hæfur en hann var forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á árunum 2007 til 2010 og aftur 2013 til 2015. Hann hefur auk þess starfað hjá OECD, Þróunarsamvinnustofnun, forsætisráðuneytinu og Þjóðhagsstofnun.

Gylfi Magnússon er hins vegar metinn mjög vel hæfur en í umfjöllun nefndarinnar kemur fram að Gylfi er dósent við Háskóla Íslands, hefur gegnt störfum sem efnahags- og viðskiptaráðherra auk þess að hafa verið stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins og setið í stjórn þriggja fyrirtækja. Þá hafi hann verið formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands frá árinu 2018.

Mat á stjórnunarhæfileikum er afgreitt á rúmlega hálfri síðu í matsdrögunum en matið á að byggja á reynslu umsækjenda af stjórnun. Sturla Pálsson, sem hefur verið með mannaforráð sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar hjá Seðlabankanum frá árinu 2005, er metinn vel hæfur hvað stjórnunarhæfileika varðar.

Sigurður Hannesson, sem er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og var áður framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Kviku banka og varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafta, var einnig metinn vel hæfur.

Gylfi Magnússon er metinn mjög vel hæfur í þessum þætti og er þá talið til tekna að hafa verið ráðherra frá febrúar 2009 til september 2010. Einnig er stjórnarformennska hjá Samkeppniseftirlitinu og aðrar stjórnarsetur teknar sérstaklega fram.

## Fyrirspurn til ráðuneytisins

- Telur forsætisráðuneytið umsögn nefndarinnar um hæfni umsækjenda vera fullnægjandi við val á næsta seðlabankastjóra?
- Hefur ráðherra til skoðunar að ráðast í sjálfstæða rannsókn á hæfni umsækjenda þar sem tekið verður tillit til boðaðrar sameiningar Seðlabankans og FME?



**Sigríður Benediktsdóttir, formaður hæfisnefndarinnar.**




# VIÐ DÆLUM TIL GÓÐS OG LYKIL- OG KORTHAFAR OLÍS FÁ 17 KRÓNU AFSLÁTT!

**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG OPNAR SAFETRAVEL-DAGINN OG FYLGIR FYRSTU HÁLENDISVAKT SUMARSINS ÚR HLAÐI HJÁ OLÍS NORÐLINGAHOLTI Í DAG KL. 16–19**



Í dag kl. 16–19 ætla félagar úr Slysavarnafélaginu Landsbjörg að mæta á 66 staði um allt land, þ.á m. Olís-stöðvar, afhenda ökumönnum fræðsluefni, hvetja til ábyrgrar aksturs- og ferðahegðunar sem og segja frá Hálendisvaktinni.

**Af því tilefni fá lykil- og korthafar Olís og ÓB 17 kr. afslátt af hverjum eldsneytislítra í dag og auk þess renna 5 kr. af hverjum lítra til Slysavarnafélagsins Landsbjargar.**

- SAFETRAVEL er samstarfsverkefni opinberra stofnana og fyrirtækja sem ásamt Slysavarnafélaginu Landsbjörg hafa það að markmiði að auka forvarnir og minnka slys í ferðamennsku og ferðaþjónustu hérlendis.
- Á vefsíðunni safetravel.is sem rekin er af Slysavarnafélaginu Landsbjörg eru upplýsingar og ráðgjöf er varðar öryggi akandi og gangandi ferðalanga.
- 112 ICELAND er app þar sem hægt er að kalla á aðstoð á einfaldan hátt ef slys eða óhapp verður og einnig skilja eftir sig „slóð“ með GPS-staðsetningum.

**Góða ferð í allt sumar!**

**Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar**

safe travel.is öryggi á ferðalögum

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

olís
Vinur við veginn

Pipar\TBWA \ SÍA

# Útlit fyrir að Íran brjóti gegn samningnum

**ÍRAN** Ef fram heldur sem horfir mun Íran gerast brotlegt við ákvæði JCPOA-kjarnorkusamningsins innan fáeinna daga og eiga meira auðgað úran en samningurinn heimilar. Þetta hafði Reuters eftir erindrekum sem vitnuðu til gagna rannsakenda á vegum Sameinuðu þjóðanna.

„Þau eru ekki enn komin upp fyrir takmarkið. En það gerist líklega um helgina, ef það gerist,“ hafði Reuters eftir ónefndum heimildarmanni innan höfuðstöðva Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vín.



**Hassan Rouhani, forseti Írans.**

Kína, Frakkland, Þýskaland, ESB, Íran, Rússland, Bretland og Bandaríkin gerðu samninginn árið 2015 en hann gekk í meginatriðum út á að aflétta viðskiptaþvingunum gegn Íran og að á móti myndi ríkið frysta kjarnorkuáætlun sína. Bandaríkin drógu sig út úr samningnum í maí á síðasta ári og ári síðar sagðist Íransstjórn ætla að hætta að framfylgja plagginu nema hin ríkin verndðu íranskt hagkerfi gegn nýjum bandarískum þvingunum.

Bandaríkin og Íran eiga nú í erfiðum deilum og er ekkert útlit fyrir að Bandaríkjamenn taki aftur upp samninginn. Emmanuel Macron, forseti Frakklands, sagðist í gær vilja sannfæra Donald Trump Bandaríkjaforseta um að það væri fyrir bestu að hefja viðræðuferlið á ný, aflétta ákveðnum þvingunum og þannig gefa viðræðum séns. Forsetarnir munu funda saman á G20-fundinum sem hefst í Japan í dag. **– þea**



**Viðgerðir í Fez.** NORDICPHOTOS/AFP

# Helmingur íbúa vill úr landi

**MAROKKÓ** Nærri helmingur Marokkómanna, eða 44 prósent, vill flytja úr landi. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar sem Arab Barometer gerði fyrir BBC News Arabic. Hlutfallið hefur hækkað töluvert frá því árið 2016. Þá mældist það 27 prósent. Það er þó ekki jafnhátt og árið 2006 þar sem talan stóð í 52 prósentum.

Breska ríkisútvarpið fjallaði ítarlega um könnunina í gær og setti í það samhengi að ef til vill myndu Marokkómenn fylgja í fótspor grannríkja og rísa upp gegn yfirvöldum. Nýlega hafa landsmenn í bæði Súdan og Alsír steypt forsetum sínum af stóli. Hundruð hafa fallið og á annað þúsund særst í átökum við her og lögreglu. Segja má að þetta sé eins konar önnur alda arabíska vorsins, en árin 2011 og 2012 var forsetum Túnis, Egyptalands, Líbýu og Jemen steypt af stóli sömuleiðis.

Sama könnun sýndi að 49 prósent Marokkóa vildu sjá breytingar í stjórnmálunum eins fljótt og auðið er. Það er meira en í Jemen, 41 prósent, Egyptalandi, 39 prósent, Líbanon, 28 prósent og Írak, 27 prósent. **– þea**

## Af stað




Nú þegar 494 dagar eru þangað til Bandaríkjamenn kjósa sér forseta á ný eru forkosningar Demókrata hafnar fyrir alvöru. Fyrri hluti fyrstu kappræðna fór fram í fyrrinótt og sá seinni í nótt, eftir að Fréttablaðið fór í prentun. Elizabeth Warren, á miðri mynd, þótti standa sig einna best í fyrri hlutanum og mælist með þriðja mest fylgi. Stjórnmálaskýrendur voru þó margir á því að kappræðurnar hefðu verið dauflegar. NORDICPHOTOS/AFP

# Hættuleg hitabylgja hrellir Evrópubúa og er ekki á förum

Hiti fór víða yfir fjörutíu stig í álfunni í gær. Hitamet fallið og enn gæti hitnað yfir helgina. Ástandið rakið til vinda frá Norður-Afríku og þurrar jarðar. Loftslagsbreytingar sagðar gera ástandið enn verra. Skógareldar á Spáni.

**EVRÓPA** Hitabylgja hélt áfram að hrella fólk víða um Evrópu í gær og fór hiti vel yfir fjörutíu stig í til að mynda Frakklandi, á Spáni og í Sviss. Degi fyrr höfðu hitamet fallið í Þýskalandi, Póllandi og Tékklandi en búist er við því að enn hitni um helgina.

Þeir veðurfræðingar sem breska ríkisútvarpið vitnaði til í gær sögðu ofsahitann kominn til vegna vinda frá norðanverðri Afríku. Timothy Hewson, sem stýrir veðurspáteymi evrópsku veðurstofunnar ECMWF, sagði það einnig spila stóra rullu að það hefur verið heiðskírt víða. Þurri jörð sé einnig um að kenna vegna þess að það ástand þýðir minni uppgufun.

Íbúar hafa verið varaðir sérstaklega við hitabylgjunni, en hiti sem þessi getur verið lífshættulegur. Þess er skemmst að minnast að um 15.000 dóu í Frakklandi eftir álíka hitabylgju í ágúst 2003, að því er fram kom í frétt France 24.

Þótt hitabylgjur séu ekki nýjar af nálinni hafa loftslagsvísindamenn bent á að loftslagsbreytingar af mannavöldum geri ástandið mun verra. Veröldin sé nú um einni gráðu hlýrri en fyrir iðnbyltingu og því séu veðuröfgar orðnar algengari. „Nú þegar við fáum hitabylgjur verða þær líklega að minnsta kosti gráðu hlýrri. Við erum enn að sjá öfgafull veðrabrigði en þau eru að verða algengari,“ sagði Grahame Madge hjá bresku veðurstofunni við BBC.

Loftslagsmálanefnd breska þingsins varaði við því síðasta sumar að hitabylgjur sem þessar gætu orðið árlegur viðburður vegna loftslagsbreytinga. Nefndin komst að því að um 7.000 Bretar gætu dáið á ári vegna hitabylgna ef ekki er gripið inn í sem fyrst.

„Þessi aukning í veðuröfgum er nákvæmlega sú sem loftslagsvísindin hafa spáð og eru afleiðing hamfarahlýnunar. Hún er svo afleiðing aukins útblásturs gróðurhúsalofttegunda,“ hafði AP eftir Stefan Rahmstorf, loftslagsrannsóknamanni hjá loftslagsrannsóknastofnuninni PIK í Þýskalandi.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Þessir Parísarbúar stungu sér á bólakaf til þess að flýja hitann.** NORDICPHOTOS/AFP

## Katalónía brennur

Miklir skógareldar hafa kviknað vegna hitabylgjunnar í Tarragona í suðurhluta spænska héraðsins Katalóníu. Búist er við því að eldarnir verði einir þeir verstu í tuttugu ár og voru í það minnsta 5.500 hektarar alelda í gær, að því er kom fram í frétt katalónska miðilsins ACN.

Rúmlega 500 slökkviliðsmenn og hermenn börðust við eldana í gær. 53 íbúum hefur verið gert að flýja heimili sín en talið er að um 20.000 gætu lent í hættu vegna hamfaranna. Þá hefur fimm stofnbrautum verið lokað og fólki er ráðlagt að halda sig fjarri svæðinu.

„Við höfum ekki þurft að takast á við viðlíka elda í tuttugu ár. Þeir gætu brennt 20.000 hektara svæði. Við þurfum að passa okkur því hvers konar kæruleysi gæti orsakað hörmulega ógæfu,“ tísti Miquel Buch, innanríkisráðherra héraðsins, í gær.

David Borrell, slökkviliðsstjóri svæðisins, sagði við Catalunya Radio að það væri erfitt að vera bjartsýnn á að slökkvistarf gangi vel. „Landslagið er afar erfitt og veldur miklum vandamálum. Veðrið er einnig til vandræða. Það breytir okkur og þýðir að við þurfum að leggja enn harðar að okkur.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sirkus tekur flugið

Það var mikið um dýrðir í sirkustjaldinu í Vatnsmýri í gær þar sem Sirkus Íslands tók rennsli á sýningu sinni sem hefst í dag. Ótrúlegir háloftafimleikar, juggl og furðuverk getur þar að líta eins og ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði á meðfylgjandi myndum.





ognioChron

**OSEC duftslökkvitæki 6 lítra**
**Verð: 4.929 kr.**

**OSEC duftslökkvitæki 2 lítra**
**Verð: 2.449 kr.**






smartwares

**SMARTWARES reykskynjari, optískur**

**Verð: 930 kr.**

Fina

**FINA eldvarnarteppi**
1x1 metri
**Verð: 1.116 kr.**




Master Lock

**Master Lock 5441EURD lyklageymslubox**
sem opnast með farsíma (bluetooth)
**Verð: 17.980 kr.**




# Öryggi heima og í bústaðnum

Allir vilja koma að eignum sínum eins og þeir skildu við þær og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

BLAUPUNKT

**Blaupunkt SA2700**
**Þráðlaust þjófavarnarkerfi**
- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar og fjöldi aukahluta fáanlegir

**Verð: 39.990 kr.**




JOMA

**Joma verðmæta-skápur**
17 lítra / þyngd: 9 kg
Breidd: 360 mm / hæð: 200 mm / dýpt: 300 mm

**Verð: 9.889 kr.**



SentrySafe

**Sentry LFW205TWC verðmætaskápur**

Eldtraustur og vatnsvarinn, þjófavarnarlæsing, 56,5 lítra

**Verð: 57.040 kr.**




SentrySafe

**Sentry T6-331 verðmætaskápur**
Breidd: 390 mm / hæð: 607 mm / dýpt: 410 mm, þyngd: 50 kg

**Verð: 37.169 kr.**




VÉLAR & VERKFÆRI
SKÚTUVOGI 1C | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 550 8500 | WWW.VV.IS
100 ÁRA 1919-2019

## Vald og ábyrgð



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Skiptir hæfni í mannlegum samskiptum máli við mat á hæfni umsækjenda til að stýra einni mikilvægustu stofnun landsins? Að mati hæfisnefndar um embætti seðlabankastjóra virðist svo ekki vera. Sérstaklega var kveðið á um í skipunarbréfi hennar að hún skyldi meta hæfni umsækjenda í mannlegum samskiptum. Í drögum að niðurstöðum nefndarinnar, sem fjallað er um í Fréttablaðinu í dag, kemur hins vegar fram að hún hafi einungis stuðst við viðtöl nefndarmanna við tólf umsækjendur við mat á þessum þætti. „Í viðtölunum komu allir umsækjendur vel fyrir og er á grundvelli þeirra ekki forsenda til að gera upp á milli þeirra," segir í umsögninni. Svo mörg voru þau orð. Útilokað er að slík vinnubrögð, sem endurspegla ágætlega það fúsk sem einkennir alla vinnu nefndarinnar, væru viðhöfð þegar seðlabankastjórar í okkar nágrannaríkjum eru skipaðir.

Minnst sjö af þeim átta umsækjendum sem voru ekki metnir mjög vel hæfir til að gegna embættinu sáu ástæðu til að andmæla mati nefndarinnar. Gagnrýni þeirra er í meginatriðum efnislega sú hin sama. Þeir telja verulega vankanta á allri málsmeðferð hæfisnefndarinnar og furða sig á því að hún hafi ekki tekið til greina þær viðamiklu breytingar sem verða á eðli starfsins við sameiningu Seðlabankans og FME. Það sé því áleitin spurning hvort nokkurt mark sé takandi á hæfnismatinu.

Framkvæmd nefndarinnar á hæfnismatinu ber þess merki að vinnan hafi mestanpart verið í skötulíki. Í gagnrýni umsækjenda er bent á að nefndin hafi lagt huglægt og óskiljanlegt mat á stjórnunarhæfileika – enginn greinarmunur er gerður á reynslu stjórnenda sem höfðu mannaforráð og hins vegar setu í stjórnum í opinberum stofnunum – þar sem starfsferilskrár hafi verið teknar gildar án rannsóknar á því hvort fyrri störf hafi í raun krafist stjórnunarhæfileika. Umsækjendur gátu því í raun, eins og einn nefnir, sagt hvað sem er um sjálfa sig. Allt er þetta með miklum ólíkindum.

Vald og ábyrgð eiga að haldast í hendur. Mikilvægt er að ráðherra hafi af þeim sökum nægjanlegt svigrúm við mat á því hver eigi að veljast í starf seðlabankastjóra. Þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við mat á hæfni umsækjenda um þetta valdamikla og krefjandi embætti, og hafa nú verið opinberuð, eru einn allsherjar áfellisdómur yfir störfum nefndarinnar. Settar hafa verið fram málefnalegar röksemdir um að hæfisnefndin hafi ekki gætt jafnræðis, ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni í skilningi stjórnsýslulaga og sömuleiðis ekki framkvæmt heildstæðan samanburð á umsækjendum.

Þau rök kalla á viðbrögð, og eins pólitískan kjark, í því skyni að tryggja að nefndin fari ekki út fyrir sitt lögbundna hlutverk, sem hún hefur gert, og sinni sínum skyldum. Forsætisráðherra, í samráði við forystumenn ríkisstjórnarinnar, þarf að taka þá nauðsynlegu ákvörðun að setja hæfnismat nefndarinnar að mestu til hliðar og ráðuneytið framkvæmi þess í stað sitt eigið sjálfstæða mat á hæfni umsækjenda. Ráðherra á fárra annarra kosta völ. Það er óhugsandi að niðurstaða nefndarinnar, sem fer ekki með skipunarvaldið og hefur jafnframt misst allan trúverðugleika, verði að óbreyttu ein höfð til grundvallar við þessa stóru og mikilvægu ákvörðun.

> **Framkvæmd nefndarinnar á hæfnismatinu ber þess merki að sú vinna hafi mestanpart verið í skötulíki.**






### Halldór




### Frá degi til dags

**Lommepenge í Lóninu**

**Bláa lónið reynist áfram flaggskip ferðaþjónustunnar eins og enn ein ágæt afkoma þess í fyrra ber vitni um. Hagnaður upp á tæpa fjóra milljarða, rúmlega það rennur til eigenda í formi arðs og allir brosa kísilhvítt út í annað. Lónið er viðkomustaður svo yfirgnæfandi meirihluta þeirra erlendu ferðamanna sem stíga fæti hér á land að aðgangseyrir þar er ígildi komugjalda. Ferðamenn reiddu fram 8,6 milljarða í fyrra til að komast í lónið. Grímur Sæmundsen, forstjóri og einn af stærstu eigendum, er því ekki á flæðiskeri staddur. Samkvæmt ársreikningi fékk forstjórinn ásamt fimm manna stjórn félagsins sem nemur rúmlega 155 milljónum í laun í fyrra. Allir vasar fullir nema kannski hjá þeim sem fljóta í lóninu.**

**Einkavæðingarupphlaup**

**Það virtist koma flatt upp á ótrúlega marga að Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, skyldi lýsa þeirri skoðun sinni í Fréttablaðinu í gær að ráð væri að selja Íslandspóst í nánustu framtíð. Skoðun Bjarna var slík þruma úr heiðskíru að lyklaborð loguðu og yfirlýsingar flugu til fjölmiðla úr öllum áttum. Bjarni undirstrikaði orð sín á Twitter í gær og sagði engin rök fyrir því að ríkið væri í samkeppnisrekstri við að dreifa bréfum og bögglum.**

mikael@frettabladid.is

## Góð uppskera á þingvetrinum



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Í ati hversdagsins, þar sem hraði samfélagsmiðlanna ræður för, hættir okkur oft til að gleyma því sem gert hefur verið. Þannig tekur eitt við af öðru, lifir í umræðunni stundarkorn og víkur svo fyrir því næsta.

Þingi var frestað í síðustu viku. Mesta athygli á liðnum þingvetri vakti málþóf Miðflokksins, eðlilega. Ýmislegt fleira gerðist þó á þessu þingi og þegar litið er yfir sviðið sést að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur komið ansi mörgum framfaramálum í gegnum þingið.

Frumvarp forsætisráðherra um kynrænt sjálfræði er orðið að lögum. Þar er að finna umfangsmikla réttarbót sem löngu er orðin tímabær. Þá er einnig, að undirlagi heilbrigðisráðherra, búið að breyta löggjöf um þungunarrof og tryggja í sessi rétt kvenna yfir eigin líkama og einnig má nefna lög um ófrjósemisaðgerðir sem tryggja sjálfsforræði í ákvörðunum um slíkar aðgerðir. Öll þessi mál eru mikil réttarbót.

Fljótlega eftir að ríkisstjórnin tók til starfa skipaði forsætisráðherra nefnd til að fara yfir umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Sú nefnd skilaði tillögum og í kjölfarið hafa verið gerðar löngu tímabærar breytingar á ýmsum lögum, t.d. um tjáningarfrelsi og aðgang að upplýsingum. Nú er svo komið að GRECO, nefnd Evrópuráðsins gegn spillingu, segir okkur á réttri leið með að styrkja stjórnkerfið til að draga úr hættu á spillingu.

Gerðar hafa verið breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, lög um loftslagsmál styrkt, umferðarlög uppfærð og þjóðinni sett heilbrigðisstefna, í fyrsta skipti sem það er gert. Breytingar hafa verið gerðar á lögum um fiskeldi sem treysta umhverfisþætti betur í sessi og unnið verður að stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.

Þetta er fráleitt tæmandi listi yfir þau góðu mál sem þingið afgreiddi á liðnum vetri. Í haust er svo von á fjölmörgum málum þar sem enn verður haldið áfram að bæta samfélagið, svo sem tengdum lífskjarasamningunum. Það skiptir nefnilega máli hver stjórnar.

> **Það skiptir nefnilega máli hver stjórnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Uns sekt er sönnuð

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Þegar keyptar voru rúllugardínur inn á heimili nokkurt fyrir nokkrum árum lagði sölufólkið mikla áherslu á að bandið sem dregur þær upp og niður væri gjarnt á að slitna. Þess vegna þyrfti alltaf að taka rétt í bandið þegar dregið væri til eða frá, grípa í það fyrir ofan samskeyti og toga varlega. Vitaskuld var algjörlega bannað að kippa í bandið, hanga í því eða þjösnast á því. Þetta var tekið mjög alvarlega enda hætt við að það yrði freistandi að hamast á spottanum á heimili þar sem var að finna tvö ung börn. Boðskapurinn um böndin var því prédikaður yfir öllu heimilisfólkinu og auðvitað sérstaklega yngra barninu.

### Freistandi bönd

Börnin virtust bæði meðtaka þennan boðskap og kinkuðu ákaft kolli. Sú yngri endurómaði lærdóminn, benti á böndin og lýsti yfir að það væri sko alveg stranglega bannað að fikta í þeim og þau væru alls ekki til þess að leika sér með. Þegar önnur börn komu í heimsókn tók yngsta barnið óumbeðið upp þann sið að teyma þau að gluggunum og lesa yfir þeim pistilinn um að það mætti alls ekki leika sér í böndunum og bara fullorðnir mættu nota þau.

Það var samt einhver undarleg þrá og tómleiki í augum barnsins þegar hún horfði á þennan spotta sem var svo forboðinn og freistandi. Stundum gerði hún tilraun til þess að strjúka bandinu varlega og klípa kannski ofurlaust í það til þess að sjá hvað gerðist og í ófá skipti þurfti að ræða þessi bönd við foreldrana; fara yfir mikilvægi þeirra og nauðsyn þess að tryggja að engir utanaðkomandi óvitar tækju upp á því að hanga í böndunum ef þeir kæmu í heimsókn. Og þau fengu að vera í friði í allmarga daga.

### Einhver annar

Svo vildi þannig til einn morgun að þessi ábyrga stúlka var óvenjulega fáskiptin, jafnvel skömmustuleg. Hún var djúpt sokkin í eigin hugsanir en tók skyndilega gleði sína á ný. Yfir andlitið færðist gleðisvipur, eins og hjá manneskju sem skyndilega kemur til hugar lausn á flóknu viðfangsefni.

Hún vindur sér til foreldra sinna, dregur þau að glugganum, bendir á sundurslitið bandið í gardínunum og lýsir því yfir með mikilli hneykslan að það sé búið að skemma það. Hún lætur eins og þessi skyndilega uppgötvun hafi komið henni í opna skjöldu, fussar og sveiar og tekur þátt í að handfjatla og skoða verksummerkin.

Foreldrarnir höfðu grunsemdir en tóku þátt í leiknum. Þau spurðu hvort annað hvort þau hefðu verið að fikta í gardínunum. Nei. Hvorki móðir né faðir könnuðust við það. Því næstu spurðu þau stúlkuna hvort hún hefði nokkuð slysast til að slíta bandið. „Ég? Nei, alls ekki," svaraði hún, nánast hneyksluð yfir hugmyndinni. En hafði hún þá einhverja hugmynd um hvað hefði gerst? Hún hugsar sig um í stutta stund og svarar svo með botnlausu sjálfsöryggi: „Einhver annar er greinilega búinn að vera að fikta í gardínunum og slíta bandið."

Foreldrarnir voru skeptískir og reyndu að teyma dótturina til þess að játa glæpinn og spurðu því hvort hún hefði einhverja kenningu um það hvenær „einhver annar" hefði togað í gardínuspottann og slitið hann. Hún hugsar sig aftur um í nokkrar sekúndur og svarar svo af sama sjálfstraustinu: „Það hefur greinilega gerst í nótt … þegar ég var sofandi."

### Áhugaverð undanbrögð

Það getur verið kvíðvænlegt að vita að maður hafi gerst sekur um eitthvað sem ekki hefur enn komist upp. Litla stúlkan sá í hendi sér að það væri ómögulegt að eyða öllum deginum í að bíða eftir að foreldrarnir tækju eftir skaðanum sem orðinn var á gluggatjöldunum, með tilheyrandi yfirheyrslum. Það væri auðvitað miklu sniðugra að taka frumkvæðið í málinu, benda á orðinn hlut og spinna upp sína eigin sögu sem myndi varpa út í hafsauga öllum mögulegum grunsemdum um að hún hefði sjálf framið ódæðið.

Hið augljósa hefði verið að reyna að klína grunsemdum á eldra systkinið. En slíkar tilraunir höfðu ekki gefist vel fram að þessu og því kom „einhver annar" að góðum notum. Það mátti svo bæta því við að sá hinn sami hafði einmitt framið brot sitt á þeim tíma þegar stúlkan sjálf var steinsofandi um hánótt.

Það er ekki nýr sannleikur að það sé sérlega alvarlegt að ljúga upp á annað fólk. Hann kemur fram í boðorðinu um að ekki megi bera ljúgvitni gegn náunganum og í fyrstu skráðu lögum sem þekkt eru í heiminum—lögbók Hammúrabís frá 18. öld f.Kr.—er allra fyrsta reglan sú að sá sem ranglega sakar annan mann um morð skuli sjálfur tekinn af lífi. Reglan úr lögbók Hammúrabís er líklega fyrsta dæmið um þá algengu lagareglu að refsa beri þeim sem ber ósannaðar sakir upp á saklausan mann með sömu refsingu og glæpurinn sjálfur myndi útheimta.

### Réttlætiskennd og réttarríki

Þótt litla stúlkan með gardínusnærið hafi ekki haft þekkingu á lögbók Hammúrabís þá hafði hún greinilega öðlast ákveðinn skilning á því grundvallaratriði að ekki er forsvaranlegt að hafa í flimtingum ósannaðar ásakanir um afbrot, misgjörðir eða glæpi.

Í siðuðum samfélögum sögunnar, þar sem réttarríkið er haft í hávegum, er alls staðar að finna lög, reglur, siði og venjur sem vernda fólk gegn því að vera ásakað um glæpi. Þetta er vitaskuld óþægilegt þegar fólk telur sig hafa réttlætið sín megin en skortir sönnunargögn. En stundum verða árekstrar milli réttlætiskenndar einstaklinga og reglna réttarríkisins; og þá hefur bitur og aldagömul reynsla mannkynsins kennt að réttlát og óþolinmóð reiði verði að láta í minni pokann fyrir hægagangi og formfestu réttarríkisins. Að vera álitinn saklaus uns sekt er sönnuð er nefnilega með allra mikilvægustu mannréttindum sem fundið hefur verið upp á. Þess vegna þarf sómakært fólk að gæta tungu sinnar jafnvel þegar háttalag og hegðun annarra misbýður því gjörsamlega og réttilega.

# Er hægt að borða kökuna og geyma hana líka?



Árni Stefánsson
sjóðfélagi og stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verslunarmanna

Á stjórnarfundi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) 24. maí var ákveðið að lækka fasta vexti á verðtryggðum sjóðfélagalánum um 0,2% og hækka breytilega verðtryggða vexti um 0,2%. Vaxtalækkunin fékk enga athygli en öðru máli gegndi um vaxtahækkunina.

Formaður VR hefur í framhaldi farið mikinn í fjölmiðlum, lýst ákvörðuninni sem rakalausri geðþóttaákvörðun, gagnrýnt væntanlega hækkun breytilegra vaxta og ásakað fulltrúa VR í stjórninni um trúnaðarbrest. Í framhaldi samþykktu stjórn og fulltrúaráð VR tillögu hans um að setja fulltrúa VR í stjórn LV af.

Ástæða þess að breytilegu vextirnir hækka lítillega í ágúst er að breytt var um vaxtaviðmið. Sú ákvörðun átti sér fagleg rök og langan aðdraganda sem formaður VR horfir þó framhjá. Þrátt fyrir komandi hækkun verða vextir sjóðsins áfram meðal allra lægstu vaxta sem bjóðast á sambærilegum lánum.

Vandséð er hvaða hagsmunum það þjónar að ráðast gegn fulltrúum félagsins í stjórn LV, öðrum stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins. Þetta fólk hefur lagt sig fram um að vinna faglega og efla hag sjóðfélaga. Umboðsskylda stjórnarmanna LV er við sjóðfélaga lífeyrissjóðsins. Svo virðist sem formanni VR mislíki að þeir fulltrúar sem VR skipaði í stjórnina hafi ekki borið einstakar ákvarðanir á sviði stjórnar LV sérstaklega undir hann. Slíkt væri þó ekki í takt við góða stjórnarhætti, lög um lífeyrissjóði eða starfsreglur sjóðsins.

Í viðtali í Bítinu á Bylgjunni 21. júní jánkaði Ragnar Þór því að ástæðan fyrir að setja inn nýja stjórnarmenn væri „að sjálfsögðu" til að draga til baka vaxtaákvörðunina. Gera má ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið taki þær yfirlýsingar til skoðunar enda gefa þær tilefni til að áhyggjur þurfi að hafa af sjálfstæði stjórnarmanna skipaðra af VR eigi þeir sífellt á hættu að vera skipt út taki þeir einhverja ákvörðun sem ekki hugnast formanni VR.

Hlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta þá fjármuni sjóðfélaga sem lífeyrissjóðir taka við til að standa undir lífeyrisgreiðslum til framtíðar. Gangi vel njóta sjóðfélagar þess í auknum lífeyrisréttindum, gangi hins vegar illa að ávaxta fjármunina til lengri tíma kæmi óhjákvæmilega til réttindaskerðinga. Komið hefur fram að um 3.700 sjóðfélagar hafa verðtryggð lán á breytilegum vöxtum hjá LV en við sjóðfélagar erum í heildina um 170.000.

Eigi að breyta hlutverki lífeyrissjóða s.s. til að lána til einstakra sjóðfélaga eða til byggingafélaga á kjörum undir almennum markaðskjörum, eins og formaður VR hefur talað fyrir, þyrfti áður að breyta lögum um lífeyrissjóði og jafnframt fara fram umfangsmikil umræða um hvort sjóðfélagar styðji slíkar stefnubreytingar. Slíkt kynni að að færa sjóðfélögum ákveðin gæði framan af ævi sem og þeim sem væru að koma sér þaki yfir höfuðið en myndi síðan birtast í lakari lífeyrisrétti í framtíðinni.

Þessu til rökstuðnings má vísa til útreikninga sem Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur tók saman veturinn 2011-2012, að beiðni fjármálaráðuneytisins, sem sýna hvaða réttindaskerðingu sjóðfélagar í almennum lífeyrissjóðum mættu búast við ef vaxtaviðmið lífeyrissjóða væri lækkað. Þar kom fram að að ef vaxtaviðmið lækkar úr 3,5% í 2,5% myndi nauðsynleg skerðing áunninna lífeyrisréttinda þrítugs sjóðfélaga verða 36%, fertugs 29,5%, fimmtugs 22,5% og sextugs 14,5%. Það er ljóst að margir sjóðfélagar myndu ekki fella sig við slíkar stefnubreytingar. Það er margsannað að ekki er hægt að borða kökuna og geyma hana á sama tíma.

Mikilvægt er að umræða sé á málefnalegum grundvelli og popúlismi eða gífuryrði nái ekki yfirhöndinni. Lífeyrissjóðakerfið er ein meginstoða þjóðfélagsins og hagur okkar allra að um það ríki sátt. Við sem veljumst þar til trúnaðarstarfa þurfum að vanda til verka og tryggja að ákvarðanir séu teknar í takt við lög og góða stjórnarhætti, með hagsmuni sjóðfélaga og heildarinnar að leiðarljósi.

Ítarleg útgáfa af greininni er á vef LV, www.live.is






**NÝJUNG**

**Ribworld grísarif**

**899** kr/pk




**NÝJUNG**

**Ribworld Pulled Pork**

**649** kr/pk




**Sweet baby ray´s BBQ sósa dýfa í eða setja á**

Verð frá **399** kr/stk

**FERSKT MEÐ FLUGI**



**Jarðarber 500g**
**Gómsæt og safarík**

**649** kr/stk

**FERSKT MEÐ FLUGI**




**Bláber 500g**
**Stútfull af andoxunarefnum**

**1.499** kr/pk



**Ferskjur, nektarínur og plómur 1 kg**

Verð frá **449** kr/pk

**BAKARÍIÐ**



**Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger**

**779** kr/stk

**BAKARÍIÐ**




**NÝJUNG**

**Sælkera brauðsalöt frábær með súrdeigsbrauðinu**

**599** kr/stk




**KOMIÐ AFTUR**

**Cheetos**

**699** kr/pk

# Meira grill

15% afsláttur









**La Boulangére franskt brioche hamborgarabrauð 4 stk í pakka**

329 kr/pk

ÍSLANDS NAUT

**Smash Style hamborgarar**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| 450 kr/pk | 509 kr/pk | 594 kr/pk | 1.104 kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 1.299 |

**Hagkaups hamborgarasósur**

349 kr/stk

15% afsláttur




**Kjúklingalundir**

2.124 kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg

15% afsláttur




**Úrbeinuð kjúklingalæri**

2.124 kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg

25% afsláttur




**Kryddlegnar lærissneiðar**

2.249 kr/kg

Verð áður 2.999 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

# Búinn að bíða lengi eftir þessu

Staðfest var í gær að hnefaleikakappinn Kolbeinn Kristinsson mætir Ungverjanum Gyorgy Kutasi í hringnum um helgina. Eftir stuttan undirbúningstíma var Kolbeinn spenntur að komast í hringinn á ný.


Hinn 31 árs gamli Kolbeinn barðist fyrst sem atvinnumaður í hnefaleikum fyrir 5 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HNEFALEIKAR** Kolbeinn Kristinsson snýr aftur inn í hnefaleikahringinn um helgina þegar hann mætir heimamanninum Gyorgy Kutasi í Búdapest í Ungverjalandi. Bardaginn var staðfestur fyrr í vikunni og fær Kolbeinn því afar stuttan undirbúningstíma en kærkomin bardaga eftir langa fjarveru.

Þetta verður fyrsti bardagi Kolbeins í þrettán mánuði og aðeins annar bardagi hans í rúm tvö ár. Til þessa á atvinnumannsferlinum hefur Kolbeinn unnið alla tíu bardaga sína. Eftir bardaga gegn Gennadi Mentsikainen síðasta vor tók Kolbeinn sér hlé frá keppni til að skipta um þjálfara. Þegar það var komið á hreint á síðasta ári gekk illa að finna bardaga því Kolbeinn kom oft að lokuðum dyrum.

Kolbeinn var nýkominn til Ungverjalands þegar Fréttablaðið náði í hann eftir að hann hafði æft í Finnlandi undanfarnar vikur.

„Þetta er búið að vera þrautaganga, við erum búin að leita að bardaga lengi og það er léttir að þetta sé komið á hreint og á sama tíma spenna,“ sagði Kolbeinn spurður út í biðina.

„Við höfum verið í viðræðum við þá sem skipuleggja bardagakvöldin og það var oftast ekki pláss á kvöldinu. Það þarf að hafa tengsl til að komast inn á þessi kvöld og það vantaði oft aðeins upp á tengslin til að komast að. Ég er búinn að horfa á hverja einustu helgi í langan tíma með það að markmiði að berjast þá. Síðan kemur þetta upp um síðustu helgi og þetta var bara staðfest í þessari viku. Þegar við förum inn í hringinn eru fjórir dagar liðnir síðan bardaginn var staðfestur,“ sagði Kolbeinn léttur um aðdraganda bardagans.

Kolbeinn hefur því ekki haft mikinn tíma til að skoða andstæðing sinn, Gyorgy Kutasi.

„Ég veit í raun ekki mikið um hann sem bardagamann. Ég veit að hann er 1,83 á hæð og rétthentur en það var ekki til mikið af gögnum um hann. Það ætti samt ekki að skipta mig af miklu máli hversu mikið ég veit um hann sem bardagakappa. Það skiptir mig bara öllu máli að koma hjólunum aftur af stað og fara að berjast á ný.“

> **Þegar við förum inn í hringinn eru fjórir dagar liðnir síðan bardaginn var staðfestur.**
>
> Kolbeinn Kristinsson

Gyorgy hefur unnið fjóra bardaga af fjórtán á níu ára atvinnumannsferli en hefur verið að sækja í sig veðrið. Í síðustu þremur bardögum hefur Gyorgy tekist að vinna tvo með rothöggi.

Kolbeinn hóf að vinna með nýjum þjálfara, Javan ‘Sugar’ Hill Steward, fyrir áramót og var í æfingabúðum í Bandaríkjunum eftir áramót.

„Það hefur gengið vel, ég æfði undir hans handleiðslu og til stóð að ég myndi berjast í júní í Bandaríkjunum en það féll niður. Ég var búinn að sækja um vegabréfsáritun og allt þegar það féll niður. Þá fór ég heim og var að æfa en var alltaf að æfa eins og næsti bardagi væri handan hornsins. Allt þetta ár er búið að snúast um að komast aftur inn í hringinn og það er léttir að það sé loksins komið á hreint. Ég er í raun búinn að vera tilbúinn að berjast síðan í janúar.“

Aðspurður sagðist Kolbeinn hafa verið tilbúinn að stíga inn í hringinn frá áramótunum.

„Ég er búinn að vera að æfa í níu vikur fyrir þetta kvöld og ég er kominn á þann stað sem ég vil vera á. Núna er það bara að viðhalda þessu fyrir bardagann,“ sagði Kolbeinn og hélt áfram:

„Ég fór upprunalega til Finnlands til að æfa í nokkra daga og boxa smá áður en ég færi heim til að fá tilfinninguna á ný en þeir báðu mig um að vera lengur svo ég er búinn að vera þar í þrjár vikur að æfa með Robert Helenius,“ sagði Kolbeinn sem kemur beint úr æfingabúðum í Finnlandi í bardagann.

> **10**
>
> **Kolbeinn hefur unnið alla tíu bardagana á atvinnumannsferlinum til þessa.**

„Við komum til Ungverjalands í gær, dagurinn í dag verður nýttur í smá endurhæfingu og svo er vigtun og öll formsatriðin á laugardaginn fyrir bardaga.“

Keppnin fer fram utanhúss í höfuðborg Ungverjalands og má búast við að það verði um 20-25 gráðu hiti í Búdapest þegar bardaginn hefst annað kvöld.

„Bardaginn fer fram úti um kvöldið, það verður áhugavert. Vonandi verður ekki of heitt þarna,“ sagði Kolbeinn og tók undir að tuttugu stiga hiti myndi henta honum vel. kristinnpall@frettabladid.is

## Stefán tekur við Lommel í Belgíu

**FÓTBOLTI** Belgíska félagið Lommel staðfesti í gær að Stefán Gíslason myndi taka við liðinu af Tom Van Imschoot sem hætti störfum á dögunum til að taka við liði Genk þar í landi. Hjá Lommel, sem leikur í belgísku B-deildinni, mun Stefán vinna með Jonathan Hendrickx sem gekk á dögunum til liðs við belgíska félagið frá Breiðabliki.

Stefán óskaði eftir því að fá að hætta störfum hjá Leikni á dögunum, sjö mánuðum eftir að hann tók við liðinu. Hann hefur einnig þjálfað Hauka á Íslandi en fær nú að spreyta sig sem þjálfari erlendis.

Hinn 39 ára gamli Stefán lék um tíma í Belgíu á atvinnumannsferli sínum með liði Leuven ásamt því að leika með Strömsgodset, Grazer, Lyn, Bröndby, Viking og Lilleström í atvinnumennsku. – kpt

## Kovacic áfram hjá Chelsea

**FÓTBOLTI** Króatíski miðjumaðurinn Mateo Kovacic verður áfram í herbúðum Chelsea eftir að félagið komst að samkomulagi við Real Madrid um kaupverðið. Kovacic var á síðustu leiktíð í láni hjá Chelsea og kom við sögu í fimmtíu leikjum.



Chelsea er í eins árs félagsskiptabanni og fær því ekki að skrá nýja leikmenn en fann leið fram hjá því þar sem Kovacic var í láni hjá félaginu á nýafstaðinni leiktíð og var því á skrá hjá Chelsea.

Enska félagið greiðir Real Madrid fjörutíu milljónir punda fyrir Kovacic þrátt fyrir að ekki sé búið að ráða arftaka Maurizio Sarri hjá félaginu. – kpt

# Strákarnir okkar fá að vita um verðandi andstæðinga á EM í dag

**HANDBOLTI** Í dag þegar dregið verður í Vín, höfuðborg Austurríkis, kemur í ljós í hvaða riðli Strákarnir okkar, íslenska karlalandsliðið í handbolta, verða á Evrópumótinu 2020. Mótið hefst þann 9. janúar næstkomandi og fer fram í Austurríki, Noregi og Svíþjóð. Er þetta ellefta lokakeppni Evrópumótsins í röð þar sem Ísland er meðal þátttakenda.

Þetta verður annað stórmót íslenska liðsins eftir að Guðmundur Þórður Guðmundsson tók við því á nýjan leik fyrir ári eftir að Ísland lenti í ellefta sæti á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í janúar síðastliðnum.

Ísland er í þriðja styrkleikaflokki ásamt Austurríki, Svartfjallalandi, Portúgal, Sviss og Lettlandi.

> **24**
>
> **lið taka þátt í Evrópumótinu 2020. Er þetta í fyrsta sinn sem 24 lið taka þátt í stað sextán eins og áður þekktist.**

Ísland er einum styrkleikaflokki fyrir neðan Norður-Makedóníu sem vann undanriðil Íslands og er í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verður á eftir. Tvö lið komast áfram í milliriðlana og alls fjögur lið fara áfram úr milliriðlunum í úrslitahelgina sem fer fram í Stokkhólmi undir lok janúar.

Ljóst er að Ísland fer ekki í B-riðil þar sem heimamenn í Austurríki verða og eru því miklar líkur á því að Ísland leiki í Noregi eða Svíþjóð nema liðið fari með Króatíu í A-riðil sem fer fram í Graz.

Þá er þetta síðasta tækifæri Íslands til að öðlast þátttökurétt á Sumarólympíuleikunum 2020. Komi Ísland heim með gullið frá EM tryggja strákarnir sér sæti á Ólympíuleikunum en önnur leið er að Ísland tryggi sér þátttökurétt í umspilsleikjum í mars næstkomandi með því að enda meðal efstu þjóða á Evrópumótinu. – kpt


Aron er að fara á sitt sjötta Evrópumót í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## VERSLUNIN FLYTUR
## ALLT Á 30% AFSLÆTTI




## SUPER1 Faxafeni 14



Stonewall Inn við Christopher-götu í New York-borg.

ÞETTA GERÐIST 28. JÚNÍ 1969

## Mikilvægur dagur í baráttu hinsegin fólks

Í dag, 28. júní, eru 50 ár frá svokölluðum Stonewall-mótmælum gegn lögregluofbeldi í New York-borg. Þau mörkuðu upphaf réttindabaráttu hinsegin fólks á Vesturlöndum eins og við þekkjum hana í dag.



**Á 50 ára afmæli uppþotanna hefur IKEA hannað burðarpoka í regnbogalitunum.**

Þrátt fyrir að dagurinn marki mikilvæg söguleg skil, hafði verið andóf gegn lögreglu borgarinnar í mörg ár áður. Fjölmörg félagasamtök höfðu einnig verið stofnuð af samkynhneigðu fólki í Bandaríkjunum og í Evrópu til að stuðla að jafnrétti á grundvelli kynhneigðar.

Stonewall-mótmælin draga nafn sitt af hinsegin barnum Stonewall Inn við Christopher-götu í New York-borg. Afskipti lögreglunnar af barnum og áreitni hafði varað lengi en þegar lögreglumenn réðust inn á barinn morguninn 28. júní árið 1969 þótti gestum komið nóg. Þeir risu upp og grýttu lögregluna með flöskum og steinum. Fór svo að lögreglan læsti sig inni á barnum en fyrir utan stækkaði sífellt hópur hinsegin fólks. Um kvöldið taldi hann þúsundir. Umsátrið varði í viku.

Ári síðar var Stonewall-uppþotanna minnst þegar þúsundir borgarbúa tóku þátt í fyrstu pride-göngunni í New York. Gleðigangan íslenska á þar rætur.

**Atburðanna minnst í Reykjavík**
Til að minnast dagsins standa Samtökin ’78, fyrir leiðsögn Yndu Gestsson um listsýninguna „Út fyrir sviga: Myndlist og Samtökin ’78“ í Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, kl. 17.00 í dag. Kl. 18.45 verður gjörningur í anda Stonewall-uppþotsins og grillveisla hjá Samtökunum ’78. Um kvöldið verður skálað fyrir Stonewall á veitingahúsinu Geira Smart.



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Báru Jónsdóttur**
frá Hafnarnesi.

**Katrín Sigurðardóttir** **Þorgils Þorgilsson**
**Þóra Sigurðardóttir** **Einar Gunnlaugsson**
**Jóna Sigurðardóttir** **Kristján Ólafsson**
**Sigurður Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi Gestsson**
Kringlumýri 29, Akureyri,

lést 23. júní.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 2. júlí kl. 13.30.

**Þórir Ó. Tryggvason** **Kristín Hallgrímsdóttir**
**Lára H. Tryggvadóttir** **Ómar Ólafsson**
**afa- og langafabörn.**



**Kárið við hrútinn góða á Hellissandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kári er í forréttindastarfi

**Kári Viðarsson, eigandi Frystiklefans í Rifi, situr sannarlega ekki auðum höndum og segir engan tilgang í því að hætta. Mikil dagskrá verður í Frystiklefanum í sumar.**

Kári Viðarsson leikari, leikhússtjóri, stofnandi og eigandi Frystiklefans í Rifi á Snæfellsnesi situr ekki auðum höndum í sumar enda segir hann að einna mest sé að gera á sumrin. „Í júlí og ágúst er dagskrá í Frystiklefanum á hverjum degi. Í júlí verða sýningar á leikriti sem frumsýnt var fyrir stuttu og heitir Ókunnugur. Við Gréta Ómarsdóttir, sem leikstýrir, sömdum verkið í samstarfi við Kvennaathvarfið og að þeirra frumkvæði. Verkið fjallar um ofbeldi í nánum samböndum út frá mörgum mismunandi vinklum.“

Verkið er einleikur og Kári fer þar með hlutverk nokkurra persóna. „Í verkinu er verið að vinna með táknmyndir frekar en þrívíða karaktera og spurt er margra spurninga án þess að vera endilega í leit að svörum. Okkur langaði að gera verk sem myndi stuðla að samtali við almenning um þessi mál á manneskjulegan hátt, án þess að fara út í fordæmingu og skrímslavæðingu.“

**Þetta virkar**
Margs konar önnur verkefni eru í húsinu. „Þarna eru tónleikar, bæði með íslenskum og erlendum tónlistarmönnum. Einnig verða sýndar myndir sem hafa verið sýndar á Northern Wave Film Festival, kvikmyndahátíð sem við höldum einu sinni á ári og verður næst haldin í október. Í júlí og ágúst tökum við svo á móti alls konar listamönnum, dönsurum og sirkuslistamönnum.“

**Útlendingar eru mjög duglegir að mæta, enda er víða á netinu og í auglýsingabæklingum mælt með því að ferðamenn komi og sjái það sem hér er verið að gera.**

Dagskrá Frystiklefans má finna á frystiklefinn.is.

Kári segir aðsóknina að viðburðum í Frystiklefanum vera afar góða. „Fólk kemur í leikhúsið alls staðar að, bæði úr plássum hér á Vesturlandi og annars staðar að af landinu. Útlendingar eru mjög duglegir að mæta, enda er víða á netinu og í auglýsingabæklingum mælt með því að ferðamenn komi og sjái það sem hér er verið að gera. Það er ótrúlegt en satt, en þetta virkar.“

**Segulstál fyrir ferðamenn**
Kári hefur rekið Frystiklefann í tæp tíu ár. „Allt byrjaði þetta með einni leiksýningu sem hét Hetja og var byggð á Bárðar sögu Snæfellsáss. Hún gekk ótrúlega vel og ég náði að leika hana fyrir vestan í hundrað skipti. Þá áttaði ég mig á því að það væri ekkert vitlaust að vera hérna og vinna að minni list á heimavelli. Svo fór ég út í annars konar listræn verkefni og samfélagsverkefni innan Snæfellsbæjar. Ég er að vinna með eldri borgurum og við sem vinnum í Frystiklefanum förum einu sinni í viku á dvalarheimilið og erum með dagskrá þar. Við bjóðum líka upp á ókeypis dansnámskeið fyrir krakkana í bænum. Götulistahátíð er haldin með tveggja ára millibili og það ár sem hún er ekki er haldin tónlistarhátíð.

Blaðamaður hitti Kára á Hellissandi og þar blasa víðsvegar við myndskreyttir veggir. „Þessir myndskreyttu veggir eru sprottnir út frá hugmynd sem ég fékk í fyrra og hrinti af stað. Þáttur í því var að breyta Gamla frystihúsinu á Hellissandi í útilistagallerí með þjóðlegum tilvísunum. Listamenn alls staðar að úr heiminum mættu á svæðið og unnu úr þessari hugmynd. Tíu listamenn komu hingað í fyrra og skreyttu einnig veggi í gömlu slökkvistöðinni og breyttu fleiri veggjum í þorpinu í listaverk. Það eru komin um 50 vegglistaverk á Hellissandi. Íbúarnir eru mjög ánægðir og finnst gaman að bærinn fái andlitslyftingu. Fyrir vikið er Hellissandur orðinn að segulstáli fyrir ferðamenn. Við sáum þetta sérstaklega eftir að við gerðum stóra mynda af hrúti á vegg við íþróttahúsið. Fleiri hundruð ferðamenn keyra hérna inn á hverjum degi til að stoppa og virða hrútinn fyrir sér.“

Kári segist ótrauður ætla að halda áfram starfi sínu í Rifi. „Ég er í forréttindastarfi og get valið mér gefandi verkefni. Meðan þetta gengur svona vel sé ég ekki tilgang í að hætta.“

**kolbrunb@frettabladid.is**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 28. JÚNÍ 2019



Alexandra Bjargardóttir vinnur sem markaðsfræðingur hjá CCP. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hélt þetta væri aðeins fyrir karlkyns forritara

Alexandra Bjargardóttir er ein af stofnendum Isle of Games sem er hópur listrænna tölvuleikjasmiða. Þau vilja breyta sýn fólks á tölvuleiki. ➜2




**Í kvöld verður haldið upp á 50 ára afmæli Stonewall-óeirðanna, sem oft eru nefndar upphaf réttindabaráttu hinsegin fólks. Sigurður J. Guðmundsson, gjaldkeri Samtakanna ’78, er mjög fróður um þennan merkilega dag.** ➜ 4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Á meðan sumir mála eða skrifa ljóð notar Alexandra tölvuleikjasmíði til að fá útrás fyrir sköpunargleði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Listrænir tölvuleikir eru að ryðja sér til rúms í heiminum. MYND/ÚR TÖLVULEIK ALEXÖNDRU



Alexandra prófar sig áfram með kúlur og þríhyrninga. MYND/ÚR TÖLVULEIK ALEXÖNDRU



Í tölvuleikjum sínum skapar Alexandra draumkennt og drungalegt umhverfi. MYND/ÚR TÖLVULEIK ALEXÖNDRU

Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Sjálf býr hún til tölvuleiki í frítíma sínum, þegar hún vinnur ekki á daginn við markaðsstjórn hjá tölvuleikjaframleiðandanum CCP. Isle of Games mun halda tölvuleikjasýningu í júlí þar sem lögð verður áhersla á menningarlega hlið tölvuleikja og þeir sýndir í öðru ljósi en fólk hefur fengið að venjast. „Ég er ein af stjórnendum verkefnisins en verð líka með mína eigin leiki til sýnis á hátíðinni.“

Það er mikill uppgangur í heimi tölvuleikja hér á Íslandi að sögn Alexöndru. „Það eru ný fyrirtæki stofnuð reglulega og slatta af vinnu að fá. Þetta er mjög skemmtilegur og kraftmikill iðnaður.“

## Ákveðnar væntingar gerðar til tölvuleikja

Alexandra segir að tölvuleikjasmíði sé alltaf að verða opnari heimur fyrir alls konar listafólk sem vill spreyta sig. „Fólk er að átta sig á því að maður þarf ekki endilega að búa til tölvuleik sem er rosalega þéttur frá upphafi til enda, með sögupersónu sem getur unnið eða tapað. Tölvuleikir geta líka verið bara eitt atriði í einu umhverfi sem þú getur gengið um í. Það að búa til tölvuleiki getur verið sambærilegt því að vera áhugaljósmyndari eða að skrifa ljóð fyrir sig og sína nánustu. Þetta er bara nýrri miðill fyrir sköpun.“

Tilgangurinn með Isle of Games er að sýna að tölvuleikir sem eru frábrugðnir því sem maður þekkir frá tölvuleikjarisum í heiminum, hafi jafn mikið gildi þótt þeir raki ekki inn milljónum Bandaríkjadollara á ársgrundvelli. „Fólk er með ákveðnar væntingar til tölvuleikja og ákveðnar skoðanir á þeim. Það er gaman að skora á þær skoðanir og fikta í ímyndinni sem fólk hefur.“

Margir í tölvuleikjaiðnaðinum myndu kalla þessa tegund af tölvuleikjum gagnvirka upplifun frekar en tölvuleiki. „Það eru örugglega margir sem vilja fara út í umræðuna um hvað sé leikur og hvað sé ekki leikur. En við hjá Isle of Games erum ekki að leggja mat á hvernig á að skilgreina leiki sem verða þar til sýnis. Við erum mjög meðvituð um að þarna verða leikir sem fara út fyrir normið og þá ímynd sem fólk hefur af tölvuleikjum.“

## Draumar verða að veruleika

Sjálf býr Alexandra til tölvuleiki í draumkenndu og jafnvel drungalegu umhverfi. „Ég bý eitthvað til sem mér finnst sjónrænt áhugavert, set einhverja tónlist undir og svo getur maður gengið um og skoðað. Ég er mikið að leika mér með ákveðin form eins og kúlur og þríhyrninga. Það mætti segja að andrúmsloftið í leikjunum mínum sé smá drungalegt eða skringilegt, þó ég sé ekkert endilega að reyna að búa til einhverja hryllingsleiki. Ég er mjög hrifin af því að búa til umhverfi sem lítur út eins og eitthvað sem þig gæti hafa dreymt.“

Alexandra telur tölvuleikjasmíð vera eitt besta listformið til að gera drauma að veruleika. „Auðvitað eru sumir listamenn sem mála, teikna eða taka ljósmyndir og búa til draumkennd listaverk sem eru skrýtin og öðruvísi, en tölvuleikirnir hafa það fram yfir önnur listform að þú getur sett áhorfandann inn í umhverfið. Áhorfandanum getur liðið eins og hann sé í alvörunni í draumi.“

## Áhuginn kviknaði snemma

Það er ekki á áætlun hjá Alexöndru að markaðssetja leiki eftir sig sem þjóna aðallega þeim tilgangi að veita henni útrás fyrir sköpunarþörf. „Leikirnir sem ég bý til eru mjög persónulegir. Ég er ekkert að búa til marga leiki á mánuði, alls ekki. Ég geri það bara þegar innblásturinn kemur.“

> Auðvitað eru sumir listamenn sem mála, teikna eða taka ljósmyndir og búa til draumkennd lstaverk sem eru skrýtin og öðruvísi, en tölvuleikirnir hafa það fram yfir önnur listform að þú getur sett áhorfandann inn í umhverfið.
>
> **Alexandra Bjargardóttir**

Alexandra hefur alltaf fundið fyrir mikilli þörf til að skapa. Frá því hún var barn hefur hún skrifað sögur og tekið ljósmyndir, en leit alltaf á tölvuleikjasmíð sem eitthvað sem væri bara fyrir stráka sem kynnu að forrita. „Ég hélt lengi að þetta væri ekki fyrir mig. Áhuginn á tölvuleikjasmíð kviknaði mjög snemma en ég byrjaði ekkert sjálf fyrr en bara á síðustu árum.“

Alexandra er einn af stofnendum Leikjasmiða á Íslandi (Game Makers of Iceland), og eitt yfirlýstra markmiða er að koma fleira fólki inn í leikjasenunna, meðal annars konum og fólki sem starfar ekki í tölvuleikjaiðnaðinum. „Það er alls konar fólk í senunni að gera alls konar flotta hluti sem getur fundið samhljóm í tölvuleikjasmíð.“ Stefna Leikjasmiða á Íslandi er að örva fjölbreytni flórunnar í leikjasenunni, þess vegna vilja þeir kynna þessa tegund af sköpun fyrir fleiri samfélagshópum. „Síðan fór ég að hugsa að ég ætti sjálf að taka þessi skilaboð til mín og leyfa mér að prófa mig áfram.“

## Nær að klóra sig áfram

Þá fyrst settist Alexandra niður og fór að vinna út frá hugmyndum sem reyndust skemmtilegri í útfærslu á vettvangi tölvuleikja heldur en sem ljósmyndir til dæmis. „Þetta heppnaðist vel þannig að ég ákvað að búa til fleiri leiki. Síðan setti ég leikina á netið, fólki fannst þetta áhugavert og eftir það fór ég að sýna á Isle of Games og öðrum viðburðum.“

Þar sem Alexandra er ekki lærður forritari notar hún tól til smíðarinnar sem reiða sig ekki á forritunarkunnáttu notandans nema að litlu leyti.

„Það eru til tól sem gera hverjum sem er kleift að setjast niður og fara að búa eitthvað til. Ég þarf aðeins að forrita með tölunum sem ég nota, en ég næ alveg að klóra mig fram úr því. Það getur verið mjög skrautlegt ferli.“

# Betri líðan og aukin orka

**Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.**

Lifrin er stærsti kirtill líkamans. Hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er lifrin efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóðið og ótal margt fleira færi úr skorðum.

## Hreinsun eiturefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar meðal annars efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæskileg efni úr líkamanum.

## Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin virkar ekki eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigði lifur. Það eru:

- Áfengi og koffín
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn)
- Sykraðir drykkir og snakk
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti og fleira)

## Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifur. Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem taldir eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.




Bætiefnið Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem taldir eru stuðla að heilbrigðri starfsemi lifrar og galls.

## Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið og hefur þetta að segja:

„Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“



Jóna Hjálmarsdóttir er sjúkraliði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í blöndunni er einnig efnið kólín* sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Eðlilegri starfsemi lifrar.
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein.
- Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

## Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál.

*Kólín er vatnsleysanlegt næringarefni, skylt öðrum vítamínum eins og fólínsýru og þeim sem tilheyra B-vítamín fjölskyldunni. Kólín sinnir álíka hlutverkum og styður við bæði orku og heilastarfsemi ásamt því að halda efnaskiptunum virkum.

> **Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.**
>
> **Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði**

FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári






Þórunn Elfa fann mikinn mun á c.a. 3 þremur vikum.

FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi






Femarelle skiptir Valgerði miklu máli

FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín,
- Stuðlar að heilbrigði slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi






Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle

Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu.Lifðu.Njóttu.

Femarelle vörulínan

# Fagna Stonewall-óeirðunum

Í kvöld verður haldið upp á 50 ára afmæli Stonewall-óeirðanna, sem oft eru nefndar upphaf réttindabaráttu hinsegin fólks.



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Sigurður J. Guðmundsson er gjaldkeri Samtakanna '78. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurður J. Guðmundsson hóf störf sem gjaldkeri Samtakanna '78 í fyrra en hefur unnið hjá samtökunum um árabil. Hann er fróður um þennan merkilega dag og greinir hér frá af hverju hann reyndist svona mikilvægur í réttindabaráttu hinsegin fólks.

„Það var ekkert voðalega auðvelt að vera hinsegin á einhvern hátt á þessum tíma. Stonewall var skemmtistaður í New York þar sem hinsegin fólk gat komið saman. Samkvæmt öllum lýsingum þá var staðurinn frekar subbulegur en hann þjónaði samt því hlutverki að vera ákveðinn griðastaður. Fólk gat farið þangað og verið það sjálft í friði.“

## Fögnuðu lífi Judy Garland

Árásir lögreglu á staðinn voru tíðar og fólkið sem stundaði Stonewall var vissulega vant því. En þetta fræga kvöld, 28. júní árið 1969, var öðruvísi. Á þessu kvöldi voru sumir að fagna lífi leikkonunnar Judy Garland sem lék meðal annars Dorothy Gale í Galdrakarlinum í Oz. Garland átti dyggan aðdáendahóp meðal hinsegin fólks og lagið Over the rainbow úr myndinni varð að þemalagi hinsegin fólks. Það að vera „vinur Dorothy“ varð að orðatiltæki sem margir hinsegin einstaklingar notuðu yfir sig sjálfa.

Judy Garland var líka vinsæl meðan hinsegin fólks vegna persónulegs vanda sem hún átti við að stríða. Margir í hinsegin samfélaginu upplifðu að hennar vandi endurspeglaði á vissan hátt félagslegan vanda hinsegin fólks í Bandaríkjunum á þessum tíma. Það að Garland hafi yfirstigið mörg persónuleg vandamál sem fönguðu athygli fjölmiðla naut líka mikillar hylli hinsegin samfélagsins.

Garland hafði verið áberandi á sviðinu frá barnsaldri og kljáðist við ýmiss konar andleg veikindi eftir að hafa ítrekað fengið þau skilaboð sem barn og unglingur frá þungavigtarframleiðendum í Hollywood að hún væri ljót. Á fullorðinsárum þróaði hún með sér alkóhólisma, átröskun og alvarlegt þunglyndi. Hún var bæði hötuð og elskuð af samstarfsaðilum og áhorfendum. Að lokum lést Garland vegna langvarandi misnotkunar á róandi lyfjum, skömmu fyrir Stonewall-óeirðirnar.

## Fólk fékk nóg

„Garland var jörðuð 27. júní þetta ár og á Stonewall var verið að minnast hennar. Hún var rosalega mikið íkon fyrir hinsegin samfélagið. Eftir miðnætti, aðfaranótt 28. júní braust lögreglan inn á staðinn sem var í sjálfu sér ekkert óeðlilegt enda gerðist það oft. Það er líka vegna þess að staðurinn var í eigu mafíunnar. En þetta var sérstakt kvöld og fólki var hreinlega ofboðið. Það fékk nóg af því að vera handtekið út af engu og reis upp. Úr því urðu nokkurra daga óeirðir þar sem hinsegin fólk með alls konar bakgrunn neitaði að gefa sig, neitaði að láta stjórna lífi sínu.

Þá sá lögreglan sig knúna til að bakka frá þeirri áætlun að loka staðnum. Í kjölfarið urðu til skipulagðir baráttuhópar sem börðust fyrir réttindum hinsegin fólks. Eftir það fór risabylgja af stað, út um allan heim. Ef ekki hefði verið fyrir þessar óeirðir hefði réttindabaráttan, meira að segja hér á Íslandi, líklegast ekki farið af stað þegar hún fór af stað. Stonewall-óeirðirnar eru þess vegna upphafið að réttindabaráttu hinsegin fólks sem markvisst afl.“




Hinsegin fólk fékk nóg og krafðist mannréttinda. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gleðigöngur lykill í baráttunni

Árið 1970 voru svo fyrstu gleðigöngurnar gengnar í heiminum til að heiðra óeirðirnar og árangurinn sem hlaust af þeim fyrir hinsegin samfélagið. Þess vegna er oftast vaninn að Pride mánuðurinn sé haldin í júní og gleðigöngurnar gegnar í kringum afmæli óeirðanna, þó á Íslandi séu hinsegin dagar í ágúst. „Gleðigöngur eru stór hluti af baráttu hinsegin fólks því þær leggja áherslu á sýnileikann. Með göngunum erum við að sýna fram á tilvist okkar. Það er nánast ómögulegt að berjast fyrir réttindum hóps sem sést aldrei. Það sést ekkert dagsdaglega á okkur að við séum hinsegin. Þess vegna er það lykill í baráttunni að geta sýnt fram á gleðina og fjölbreytileikann í þjóðfélaginu með gleðigöngunum.“

Á árunum 1993-94 voru svo farnar fyrstu frelsisgöngur hinsegin fólks á Íslandi. „Þetta voru ekki gleðigöngur eins og við þekkjum þær, þetta voru kröfugöngur. Viðtökurnar voru ekki sérstaklega góðar og fólk var ekki mjög hrifið af þessu enda var hinsegin hreyfingin ekki komin í eins góða stöðu og nú. Árið 2000 var svo fyrsta gleðigangan á Íslandi. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar þótt baráttan eigi enn langt í land.

Fyrir þá sem vilja fagna Stonewall-óeirðunum er vegleg dagskrá í boði Samtakanna '78 í kvöld. Þá verður byrjað á leiðsögn um listasýninguna Út fyrir sviga í Borgarbókasafninu, næst er haldið í húsnæði Samtakanna '78 þar sem verður haldið fræðsluerindi um Stonewall-óeirðirnar og hægt að sjá gjörning í anda þeirra á meðan boðið er í grillveislu. Kvöldinu lýkur síðan með kokteilpartí á Geira smart. Nánari upplýsingar um viðburðinn má finna á vefsíðu samtakanna.

EINFÖLDUM HLUTINA

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ REKSTUR?

- Þarf að snúa rekstri við?
- Þarftu að losa lager og verðmæti?
- Viltu selja reksturinn?
- Er fyrirtækið á leið í þrot?
- Þarftu að finna leiðir til að loka?

YFIRTÖKUM EIGNIR / KAUPUM:

- Ökutæki
- Lóðir/Eignir
- Lager fyrirtækja
- Fyrirtæki sem eru að fara í þrot eða eru til sölu

OKKAR NÁLGUN

- Erum lausnamiðaðir
- Staðgreiðum verðmæti
- Kaupum allar eignir
- Fyllsta trúnaðar er gætt
- Skjót ákvarðanataka

M MÁLALAUSNIR
malalausnir@malalausnir.is

# Kolefnisjöfnuður

Kynningar: Arion Banki, Landgræðsla ríkisins, Kælitækni, Circular Solutions, Verkís, Valitor



Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri N1, á stöðinni í Fossvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Markvisst unnið að kolefnisjöfnun hjá N1

Átján starfsstöðvar N1 hafa hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 frá Vottun hf. 254 tonn af $CO_2$ var heildarlosun hjá N1 í Umfangi 1 fyrir árið 2018. Það samsvarar gróðursetningu 2.540 trjáa eða einum hektara af landi. →2




**Árið 2015 byrjaði N1 að skipta út plastpokum fyrir maíspoka fyrir viðskiptavini þjónustustöðva og eru nú eingöngu maísburðarpokar til sölu þar.**

**Framhald af forsíðu** ➪

N1 hefur skuldbundið sig til að vinna með markvissum aðgerðum og stöðugum umbótum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Vegna ársins 2018 kolefnisjafnar N1 í gegnum móðurfélagið, Festi hf., með samningi við Kolvið í gegnum Klappir alls 509,7 tonn af koltvísýringi vegna svokallaðs Umfangs 1 í starfsemi sinni og dótturfélaga.

Rekstrarfélög Festar hafa með ýmsum hætti dregið úr umhverfisspori sínu meðal annars með markvissri flokkun úrgangs ásamt ýmsum aðgerðum tengdum kjarnastarfsemi. Leitast er við að bjóða umhverfisvænni vörur og þjónustu, ásamt því að valda umhverfinu sem minnstum skaða með starfsemi félagsins.

N1 undirritaði yfirlýsingu um loftslagsmál ásamt forsvarsmönnum 103 fyrirtækja og stofnana í Höfða þann 16. nóvember 2015 og skuldbatt sig til að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang í starfseminni.

Loftslagsmarkmið N1 eru meðal annars að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að kolefnisjafna Umfang 1 af kjarnastarfsemi og efla þekkingu starfsmanna. Fyrirtækið ætlar að minnka myndun úrgangs og draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á milli ára til ársins 2020 og stefnir á að flokka 90% af öllu sorpi árið 2030.

Með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kostar N1 kapps um að lágmarka umhverfisáhættu frá starfsemi sinni. 18 starfsstöðvar N1 hafa hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 frá Vottun hf. Stefna N1 er að allar þjónustustöðvar hljóti vottunina á næstu misserum. Á öllum starfsstöðvum N1 er lagt upp með að starfsmenn noti margnota drykkjarmál og eru þau útveguð starfsmönnum að kostnaðarlausu. Undanfarin ár hefur N1 unnið markvisst í að því að draga úr notkun pappírs og einnota íláta.

Orkuvöktun hjá N1 er skráð með skipulögðum hætti til að koma megi betur í veg fyrir orkusóun og til að hægt sé að grípa til aðgerða verði vart við frávik. Upptaka orkunotkunar hefur haldist í hendur við vottanir þjónustustöðva en unnið verður að því að koma orkuvöktun í alla starfsemi félagsins um land allt á næstu fjórum árum.

Í skipulögðu orkuvöktuninni er farið á stöðvar tvisvar á ári og kerfin, svo sem snjóbræðsla, aðal-, ofna-, gólfhita- og loftræstikerfi ásamt dyrablásara stillt í samræmi við komandi árstíð. Verið er að skipta úr sér gengnum ljósgjöfum út fyrir LED-ljósgjafa. Slökkt er á loftræstikerfum að næturlagi. Einnig eru flestir kælar á þjónustustöðvum N1 með rúllugardínur, sem eru dregnar niður á nóttunni til að sóa ekki óþarfa orku á lokunartímum.

Viðskiptavinir hafa verið hvattir til að koma í rafræn viðskipti og hætt var útsendingu reikninga í pappírsformi frá N1 til einstaklinga, nema eftir öðru sé sérstaklega óskað. Einnig hefur fyrirtækið markvisst beint viðskiptum um rafrænar reikningsleiðir þar sem því verður komið við. Stefnt er að því að hætta móttöku reikninga í pappírsformi á þessu ári.

Árið 2015 byrjaði N1 að skipta út plastpokum fyrir maíspoka fyrir viðskiptavini þjónustustöðva og eru nú eingöngu maísburðarpokar til sölu. N1 hefur einnig hætt innkaupum á plastskrjáfpokum og verður viðskiptavinum boðið upp á umhverfisvænni skrjáfpokalausn í framtíðinni. Gerð var tilraun á stórri þjónustustöð N1 með því að láta viðskiptavini flokka sitt sorp en því miður þurfti frá því að hverfa þar sem of mikil vinna fór í að endurflokka. Það er áskorun að fá viðskiptavini N1 í lið og flokka sorp en fyrirtækið ætlar að reyna að finna lausnir til að gefa þeim færi á því.

**10** hraðhleðslustöðvar hafa verið settar upp á N1 þjónustustöðvum víðsvegar um landið í samstarfi við ON til að auka þjónustu við rafbílaeigendur og stuðla þannig að auknu ferðafrelsi þeirra.



**90%** af öllu sorpi stefnir N1 á að flokka árið 2030.

**5** ár í röð hefur ársskýrsla félagsins eingöngu verið gefin út á heimasíðu þess.

**254** tonn af $CO_2$ var heildarlosun hjá N1 í Umfangi 1 fyrir árið 2018. Það samsvarar gróðursetningu 2.540 trjáa eða einum hektara af landi.

**18** starfsstöðvar N1 hafa þegar hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.

**7.486** tré hafa verið gróðursett til að kolefnisjafna $CO_2$ losun bílanotkunar og flugferða starfsmanna N1 vegna áranna 2016 og 2017.

**0** loftræstikerfi eru í gangi að næturlagi hjá N1.

**0** umhverfisóhöpp urðu á árinu 2018 í starfsemi Festar.

**2019** er stefnt að því að hætta móttöku reikninga í pappírsformi.

**90%** af salernispappír, handþurrkum og sápum í notkun hjá N1 eru framleidd undir vottuðum vistvænum merkjum.

**0,1%** af brennisteini inniheldur skipaolía N1 í stað 0,25% eins og áður.



**N1 kolefnisjafnaði notkun bíla og flugferða starfsmanna vegna rekstraráranna 2016 og 2017 og vegna Umfangs 1 fyrir árið 2018 í gegnum Festi hf.**

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652 | **Veffang:** frettabladid.is

Getur þú hugsað þér
**daglegt líf án rafmagns?**




Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 43 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 62% jarðstrengir.

www.rarik.is

RARIK


Jafnaðu þig hjá Orkunni
Kolefnisjafnaðu aksturinn með lyklinum
ORKAN
Allur rekstur Orkunnar kolefnisjafnaður
Orkan og Votlendissjóður hafa undirritað þriggja ára samning um kolefnisjöfnun alls reksturs Orkunnar. Þar með talinn akstur og flugferðir, notkun á vatni, rafmagni og hita, ásamt meðhöndlun sorps. Þannig axlar Orkan samfélagslega ábyrgð og býður viðskiptavinum að gera slíkt hið sama og minnka þannig kolefnissporin.
Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is


R 4217
Lykil- og korthafar skrá sig á dælu eða orkan.is
7 króna afsláttur af hverjum lítra fer í kolefnisjöfnun
Votlendissjóðurinn kolefnisjafnar þitt framlag
ORKAN
Endurheimt votlendis
SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

# Kolefnisjöfnun er ekki syndaaflausn

**Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi og fulltrúi í skipulagsráði, plantaði nýlega trjám til að kolefnisjafna samgöngur sínar síðasta ár ásamt samstarfsfólki sínu á sviðinu.**

Þetta var hugmynd sem kom frá starfsmönnum skipulagsdeildar,“ segir Sigurbjörg. „Við fengum tölvupóst frá starfsmanni sem spurði okkur hvað við hefðum keyrt mikið á síðasta ári, tegund bíls og hvað við förum í margar flugferðir og hversu langar. Hann sagðist vera með smá verkefni í huga.“

Ráðsmeðlimir vissu ekkert hvað var í gangi en svöruðu þessum spurningum samviskusamlega. „Næst þegar við mættum á fund var hann búinn að lista upp hvað þetta var mikill útblástur og hvað hver þyrfti að planta mörgum trjám til að kolefnisjafna hann.“

Hópurinn fór síðan saman á svæði innan Kópavogs og plantaði trjánum. „Þetta voru á bilinu 13-80 tré sem hver og einn þurfti að planta. En margir plöntuðu mun fleiri trjám en þurfti. Ég átti að planta 13 trjám en plantaði örugglega í kringum 60. Þetta var mjög gaman og vakti athygli,“ segir Sigurbjörg.

Á svipuðum tíma lagði minnihlutinn í Kópavogsbæ fram þá tillögu að bærinn skilgreindi svæði þar sem almenningur ætti kost á að koma og gróðursetja tré til að vinna gegn eigin kolefnisspori. Lagt var til að nota svæði milli Lækjarbotna og Bláfjallaafleggjara sem er ógróið svæði sem gefur frá sér koltvísýring.



Sigurbjörg segir mikilvægt að græða upp rýrt mólendi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þessi tillaga ætti að vera tiltölulega auðveld í framkvæmd. Hún er núna til umsagnar í kerfinu svo það er enn óvíst hvort eða hvenær hún verður að veruleika,“ segir Sigurbjörg. „En það eru góð rök fyrir að gera þetta. Bæði yrði þetta ódýr framkvæmd og ávinningurinn yrði mikill. Það er stórt landsvæði sem tilheyrir Kópavogi. Við eigum mikið landsvæði sem eru bara móar.“

Sigurbjörg útskýrir að til séu skilgreiningar á mismunandi landsvæðum. Ein tegund landsvæðis kallast rýrt mólendi og slíkt svæði þekur um 25% af öllu landinu. Jarðvegur á slíku landsvæði losar mjög mikið af gróðurhúsalofttegundum vegna niðurbrots lífrænna efna í jarðveginum.



**Hópurinn gróðursetti tré til að jafna kolefnisspor sitt.**

„Þannig að ef þetta verður að veruleika þá er þetta tvöfaldur ávinningur. Við værum að græða upp landið og á sama tíma að binda koltvísýring í andrúmsloftinu,“ útskýrir Sigurbjörg.

Sigurbjörg leggur þó áherslu á að ekki megi nota kolefnisjöfnun eins og syndaaflausn. „Það gengur ekki upp að fljúga bara eins og þú vilt og borga einhverjum fyrir að planta trjám fyrir þig í staðinn. Við megum ekki nota kolefnisjöfnun til að firra okkur ábyrgð. Áherslan á alltaf að vera að draga úr eyðslu. En svo stendur alltaf eitthvað eftir og þá er frábært að kolefnisjafna fyrir það,“ segir hún. „Við gætum aldrei plantað trjám til að kolefnisjafna fyrir alla eyðslu okkar. Á hverju ári losa jarðarbúar um 36 milljarða tonna af koltvísýringi, við þyrftum 1,8 trilljón tré til að jafna það út. Fyrir það þyrftum við 180 milljónir $km^2$ af landi en á jörðinni eru bara 149 $km^2$. Við megum þess vegna ekki líta á kolefnisjöfnun sem einu lausnina.“

Sigurbjörg bendir á að þrátt fyrir að kolefnisjöfnun sé engin töfralausn geri hún þó gagn. „Sér í lagi ef við erum í leiðinni að binda land sem er að losa koltvísýring. Ég las nýlega að Ísland væri vistfræðilega eitt verst farna land Evrópu því við höfum verið með svo ósjálfbæra landnýtingu. Við erum með mikið af illa grónum svæðum sem losa mikinn koltvísýring. Að því leytinu er mjög mikilvægt að fara í landgræðslu.“

# Við eigum að vera til fyrirmyndar

**Arion banki hefur um árabil stutt dyggilega við skógrækt í gegnum Skógræktarfélag Íslands. Nýverið undirritaði bankinn samning við Kolvið um kolefnisjöfnun með það að markmiði að binda kolefni sem til fellur í starfsemi bankans. Er það einn liður í aðgerðum bankans í umhverfismálum.**

Við erum sífellt að ná betur utan um losun sem á sér stað í starfsemi bankans en frá því bankinn undirritaði loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015 höfum við unnið að því að ná vel utan um allan reksturinn okkar með það að markmiði að draga úr losun og menga minna“, segir Hlédís Sigurðardóttir, verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka.

„Sem dæmi um verkefni í tengslum við umhverfisvænan rekstur höfum við hjá Arion banka rafvætt hluta bílaflotans okkar. Við höfum líka, frá árinu 2012, veitt starfsfólki okkar sem notar vistvænan ferðamáta til og frá vinnu samgöngustyrki með góðum árangri,“ upplýsir Hlédís en í fyrra nýttu 25 prósent starfsfólks Arion banka sér samgöngustyrk allt árið eða hluta úr árinu.

„Við leggjum einnig áherslu á aukið hlutfall flokkaðs úrgangs sem nú er komið í 67 prósent og þar ætlum við að sjálfsögðu að gera enn betur. Við erum að vinna í að minnka notkun á einnota plasti, notum lífniðurbrjótanlega bolla og ílát þar sem því verður ekki viðkomið að nota fjölnota, bjóðum upp á hreina kranavatnið okkar á fundum í höfuðstöðvum, í stað þess að kaupa vatn í plasti, og svo mætti áfram telja. Við erum því að gera fullt af litlum hlutum sem saman skila miklu. Við erum reglulega með fræðslu fyrir starfsfólk um umhverfismál ásamt því að hvetja starfsfólk til umhverfisvænni lífshátta, bæði í starfi og heima fyrir,“ segir Hlédís.



Hlédís Sigurðardóttir er verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tímarnir eru að breytast

Áherslur Arion banka á stafræna þjónustu hafa dregið verulega úr pappírsnotkun í starfseminni og viðskiptavinir hafa möguleika á að sinna bankaviðskiptum sínum þegar þeim hentar, hvar og hvenær sem er án ferðalaga í útibú.

„Við hvetjum viðskiptavini okkar til að afpanta útprentuð yfirlit og önnur skjöl þegar því verður við komið,“ segir Hlédís.

Hún tekur dæmi um skemmtilegt verkefni í tengslum við umhverfismálin.

„Við höfum farið í vitundarvakningu um matarsóun í mötuneyti höfuðstöðva bankans og allur matur sem til fellur af diskum starfsfólks er mældur daglega og niðurstöðurnar birtar. Góður árangur hefur náðst og það sem kannski mestu skiptir er að þessi vitundarvakning hefur einnig skilað sér heim til starfsfólksins. Stórt fyrirtæki eins og Arion banki, með um 800 starfsmenn, á einfaldlega að vera til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfisvænum rekstri og hvatningu til starfsfólks og viðskiptavina. Það skilar sér með margvíslegum hætti til alls samfélagsins.“

Áætla má að vegna samnings Arion banka um kolefnisjöfnun starfseminnar muni Kolviður gróðursetja allt að 5.000 tré fyrir þetta rekstrarár bankans.

„Það er jákvætt að fara í mótvægisaðgerðir sem þessar. Skógrækt tekur að sjálfsögðu tíma en það tekur að líkindum um 60 ár að kolefnisjafna rekstrarárið 2019. Þetta er því engin skyndilausn en engu að síður mikilvæg aðgerð í baráttunni við það neyðarástand sem við stöndum nú frammi fyrir í loftslagsmálum.“

> **Stórt fyrirtæki eins og Arion banki á að vera til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfisvænum rekstri. Það skilar sér með margvíslegum hætti til alls samfélagsins.**

Hlédís segir að tímarnir séu að breytast í fjármálageiranum, bæði hér heima og á alþjóðavísu, og að umhverfis- og loftslagsmál verði sífellt fyrirferðameiri.

„Straumar og stefnur liggja í eina átt og við munum sjá miklu meira af því í nánustu framtíð að áhrif á umhverfi og loftslag séu tekin með inn í fjárfestinga- og lánaákvarðanir. Þarna eru ótal tækifæri til að hafa jákvæð áhrif í baráttunni gegn hlýnun jarðar.“

Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

# Sérfræðingur í málefnum umhverfis

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) auglýsa eftir kraftmikilli manneskju í nýtt starf innan samtakanna á sviði umhverfismála. Um er að ræða spennandi og krefjandi verkefni sem felur meðal annars í sér markmiðasetningu í umhverfismálum, innleiðingu verkferla og verkefnastjórnun með minnkandi kolefnisspor að leiðarljósi.

**Ábyrgð og verkefni**

- Stefnumörkun og gerð áætlana um aukinn árangur sjávarútvegs í umhverfismálum
- Eftirfylgni áætlana og mælinga á árangri
- Ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila, þjónustuaðila og stjórnvöld tengd umhverfismálum
- Kynna framlag sjávarútvegs til umhverfismála
- Styðja við markaðs- og samfélagsmál SFS

**Menntun og hæfni**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. umhverfis-verkfræði, umhverfisfræði eða annars konar nám með áherslu á umhverfismál
- Starfsreynsla á sviði loftslagsmála er kostur
- Brennandi áhugi á loftslagsmálum og sjávarútvegi
- Þekking og reynsla af mótun og framfylgd stefnu og áætlunar
- Tæknileg kunnátta, s.s reynsla og þekking á skipum og búnaði þeirra, er kostur
- Mjög góð samstarfs- og samskiptafærni
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í tjáningu í ræðu og riti

**Umsóknir skulu berast í gegnum vef SFS, www.sfs.is, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir *Heiðrún Lind Marteinsdóttir*, framkvæmdastjóri SFS, í síma 591-0300.**

**Frekari upplýsingar um starfsemi SFS má nálgast á www.sfs.is.**

***Heilbrigt haf, allra hagur***

Hreinleiki lands og sjávar skiptir höfuðmáli við nýtingu verðmæta sem hafið hefur að geyma. Góð umgengni um hafið og fiskveiðar í sátt og samlyndi við náttúruna eru forsenda þess að fiskistofnar við Ísland verði nýttir um alla framtíð. Það er ánægjuleg staðreynd að útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi hefur minnkað um ríflega 45% frá árinu 1990. Hér verður þó ekki látið staðar numið. Við ætlum að gera enn betur!

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Hjálpum náttúrunni að hjálpa sér sjálfri

„Ein mikilvirkasta aðferðin sem við höfum til kolefnisjöfnunar verndar um leið íslenska náttúru og því mikilvægt að við nýtum okkur hana í sem flestum tilfellum," segir Þórunn Pétursdóttir, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni.


Þórunn Pétursdóttir, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni, telur að kolefnisjöfnun sé verkefni sem allir ættu að taka til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þórunn segir að þeir sem vilja kolefnisjafna með því að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri eigi að leggja megináherslu á að fjárfesta í aukinni útbreiðslu innlendra tegunda eins og birkis og víðis. „Það eru gríðarlegir möguleikar til að auka útbreiðslu birkiskóga og víðikjarrs hérlendis. Gögn okkar sýna að neðan 600 metra hæðar yfir sjávarmáli eru allt að 15 þúsund ferkílómetrar af röskuðu landi og mikið af því er enn að eyðast og tapa kolefni."

„Stóraukin útbreiðsla innlendra trjátegunda er mjög öflug leið til að draga úr og aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga. Samhliða er það náttúruverndaraðgerð sem felur í sér fjölbreyttan umhverfisávinning, er hlutfallslega ódýr, auðveld í framkvæmd og allir geta tekið þátt," segir Þórunn. „Innlendar tegundir eins og birki, gulvíðir og loðvíðir eru aðlagaðar aðstæðum á Íslandi og búa yfir miklum erfðabreytileika sem nauðsynlegt er að vernda. Fjölbreytileikinn er því trygging gagnvart áföllum eins og náttúruvá af ýmsum toga."

> **Við berum öll samfélagslega ábyrgð á að draga úr og sporna við áhrifum loftslagsbreytinga.**

## Kolefnisjöfnun og náttúruvernd

Þórunn leggur áherslu á að við eigum að virkja getu náttúrunnar til að græða sig sjálf. „Það er nóg að sá birkifræi eða gróðursetja í 5-10% af flatarmáli þess landssvæðis sem á að endurheimta og búa þannig til fræuppsprettur innan þess. Náttúran mun svo sjálf taka við og sjá til þess að með tímanum mun birki og víðir vaxa um allt svæðið. Þetta tekur aðeins örfáa áratugi, eina sem þarf að gera er að friða landið fyrir sauðfjárbeit. Kostnaður við þessa aðgerð fer eftir ástandi landsins sem á að endurheimta og er á bilinu 40.000-200.000 kr. á hektara," segir hún.

## 1.000 ferkílómetra aukning fyrir árið 2030?

„Við berum öll samfélagslega ábyrgð á að draga úr og sporna við áhrifum loftslagsbreytinga og endurheimt birkiskóga og víðikjarrs er áhrifaríkasta aðgerðin sem við getum beitt hérlendis. Við eigum að taka þetta verkefni saman í fangið og setja okkur metnaðarfullt markmið um að stórauka útbreiðslu birkiskóga og víðikjarrs, helst um 1.000 ferkílómetra fyrir árið 2030. Það er vel hægt ef við leggjumst öll á eitt," segir Þórunn að lokum.

# 300 hektarar fara í kolefnisjöfnun

Bandalag íslenskra skáta (BÍS) og Skógræktarfélag Íslands (SÍ) gerðu samning við Kolvið til 70 ára um ræktun skógar til kolefnisjöfnunar.


Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is


Við Úlfljótsvatn mun rísa mikill kolefnisjafnandi skógur á áratugunum fram undan.

Upphaflega var Kolviður með ræktun á Geitasandi á Rangárvöllum. Það svæði er orðið fullplantað svo Kolviður hóf fyrir tveimur árum að gróðursetja á Úlfljótsvatni að sögn Brynjólfs Jónssonar, framkvæmdastjóra SÍ. BÍS og SÍ keyptu landið saman árið 2012 af Orkuveitunni og eiga það til helminga. Þá gerði Kolviður samning á þessu ári við landeigendur á Úlfljótsvatni um ný svæði til skógræktar.

Skógurinn verður ræktaður á Úlfljótsvatni og eykur við þar sem þegar er kominn nokkuð gróskumikill skógur fyrir tilstilli Skógarskáta, sem hófu að planta trjám fyrir nokkrum áratugum. Nú sér SÍ um ræktun skógarins í samstarfi við sjóðinn Kolvið, sem býður fyrirtækjum að kolefnisjafna sig með ræktun á svæðinu.

## Fleiri kolefnisjafna starfsemi

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri SÍ, segir að landið sé 1.500 hektarar að stærð og búið sé að semja um 300 hektara tileinkaða Kolviði. „Það eru fjölmörg fyrirtæki sem nýta sér þeirra þjónustu." Sérstaklega hefur þeim fjölgað á síðustu tveimur árum þar sem krafan um sjálfbærni hefur orðið háværari.


Brynjólfur og Kristinn segja samstarf skógræktarinnar og skátanna hafa gengið vel í gegnum árin.

Fyrirtækið Klappir hefur boðið fyrirtækjum að reikna út kolefnisfótspor og hve mikið þyrfti að rækta til að koma til móts við útblástur fyrir hvert fyrirtæki. „Klappir hafa hvatt mörg fyrirtæki til að vinna að þessu máli í samstarfi við Kolvið og með því móti hefur vaxið glænýr sproti sem menn hafa trú á."

Brynjólfur segir að nú þegar hafi Kolviður plantað allt að 300.000 trjám á síðustu tveimur árum. Það tekur samt sinn tíma fyrir skóginn að vaxa en sá tími fer eftir trjátegundinni.

## Skátarnir með mannræktina

„Á meðan þau eru í skógræktinni sjáum við um mannræktina," segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri BÍS. „Á okkar hluta rekum við tjaldstæði á sumrin, svo erum við með skólabúðir og skátastarfsemi. Þannig að við erum að nýta landið til útivistar í leik og störf. Það má segja að þetta sé okkar heimavöllur.

Við höldum líka skátamót þarna og erum með mikla starfsemi allt árið um kring."

Kristinn segir að mannlífið muni njóta góðs af því að skógurinn vaxi, trjárækt skátanna á fyrri árum hefur þegar borið mikinn og fallegan ávöxt. „Landið er sífellt að verða hentugra til útivistar því skógurinn hlífir okkur fyrir veðrinu og gefur umhverfinu skemmtilegan blæ. Þá bætast við tækifæri til að vera með fjölbreytta dagskrá."

## Takast á við náttúruöflin

BÍS stendur líka fyrir siglingum og veiðum í Úlfljótsvatninu sjálfu, „þannig að við erum að nýta náttúruna í allri sinni dýrð. Fólk í dag fær kannski minna að kynnast náttúrunni, flestir alast upp í vernduðu umhverfi malbiks og stéttar.

Þarna erum við að leyfa ungu fólki að fara út í náttúruna og læra að takast á við hana. Það er samt alltaf hugað vel að öryggismálum þannig að það er ekki mikil hætta á slysum á svæðinu." Skátarnir passa vel upp á það að sögn Kristins.



# Náttúrlegir kælimiðlar eru framtíðin

**Íslendingar hafa beinan aðgang að $CO_2$ sem er náttúrlegur kælivökvi sem skilur eftir sig lítið kolefnisspor og mjög góð kæliafköst. Hjá Kælitækni er unnið hörðum höndum að vistvænum lausnum í kæli- og frystibúnaði.**




Elís H. Sigurjónsson tæknistjóri og Ingvar Kristinsson sölustjóri við nýtt $CO_2$-kælikerfi Garra. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Koldíoxíð ($CO_2$) er einn elsti kælivökvi sem til er og líka einn sá allra afkastamesti þegar horft er á kælingu og frystingu. Áður var vandasamt að stjórna þrýstingi, hita og gashraða koldíoxíðs en slíkt er ekki lengur vandamál og reynist miðillinn mjög vel,“ segir Elís H. Sigurjónsson, tæknistjóri hjá Kælitækni.

Kælitækni er leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki á Íslandi og flytur inn allt sem viðkemur kælingu og frystingu frá heimsþekktum framleiðendum.

Elís hefur unnið með koldíoxíð ($CO_2$) frá árinu 2006 og verið með í þróuninni frá byrjun í Danmörku, og unnu Elís og Ingvar Kristinsson, sölustjóri Kælitækni, að fyrsta kerfinu hér á landi árin 2015 og 2016.

Í íslenskum iðnaði, og sérstaklega fiskiðnaði eru miklir möguleikar, en líka í litlum kælum og frystum á hótelum, mötuneytum og víðar. Nú þegar er farið að nota íslenska kælimiðillinn R744 ($CO_2$) og því er kolefnissporið lítið.

„Einn af stærri orkunotendum í skipum er kælibúnaðurinn. Því er brýnt að skera niður gróðurhúsaáhrif kælikerfanna og á sama tíma spara eldsneyti og fá hraðari kælingu og frystingu. Til að vernda ósonlagið eru kælivökvar sem innihalda hvorki klór né bróm leyfðir, en flestir innihalda þeir flúor. Efnin eru því ekki ósoneyðandi en innihalda því miður oft öflugar gróðurhúsalofttegundir – stundum mun öflugri en ósoneyðandi efni sem koma í staðinn fyrir R404a sem er mest notaði kælivökvinn í frysti- og kælikerfum í dag,“ upplýsir Ingvar.

„Til að átta okkur á hvernig hægt er að nota gróðurhúsalofttegund til að minnka gróðurhúsaáhrif þurfum við að skoða hvaða kælivökvar menga mikið. Það er gert með því að horfa á gildið GWP (e. global warming potential) sem er skilgreining á hlýnunarmætti til að bera saman eiginleika gróðurhúsalofttegunda. GWP fyrir $CO_2$ er 1,0,“ útskýrir Elís.

„Sem dæmi, ef horft er á kerfi sem eru í gangi í dag, þá jafngildir 1 kíló af kæliefninu R404a 3.922 kílóum af $CO_2$. Ef við skoðum svo hvað marga kílómetra er hægt að keyra á litlum sparneytnum fólksbíl sem hefur $CO_2$-losun 120g/km sem samsvarar 1 kg af R404A, er hægt að keyra 32.683 km. Því er sannarlega hægt að minnka mengun og spara hratt og mikið með því að breyta kælimiðlinum,“ segja þeir Elís og Ingvar.

## Vistvænt og orkusparandi



Fyrsta R744 ($CO_2$) kerfið á Íslandi var sett upp hjá Seacrest Iceland ehf.



Verslun ÁTVR á Dalvegi notar $CO_2$-kerfi frá Panasonic.

Viðskiptavinir Kælitækni eru í raun allir sem þurfa á kælingu eða frystingu að halda. Þar má nefna sjávarútveg og fiskvinnslur, landbúnað, kjötvinnslur og aðrar hráefnisvinnslur, verslanir og þjónustu, veitingahús, hótel, mötuneyti og vínveitingahús, heildsölur, matvöruverslanir, bakarí, ísbúðir, almenn skrifstofu- og verslunarrými, tölvu- og vélasali og flutningafyrirtæki til sjós og lands.

„Kælitækni er fremst á sínu sviði og hefur sett upp kerfi fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Meðal viðskiptavina má nefna Isavia, Krónuna, Hagkaup, ÁTVR, Garra og marga fleiri,“ segir Ingvar.

Fyrsta kerfið með $CO_2$ hér á landi var fiskvinnsla Seacrest Iceland í Sandgerði, með tvær kæligeymslur, eina frystigeymslu og lausfrysti.

„Þegar kom að því að velja vélbúnað fyrir kæligeymslur Seacrest var stóra spurningin hvaða kælimiðil ætti að nota. Margar nýjar gerðir kælimiðla fást nú með lægra GWP-gildi en þeir sem

> **Með náttúrulegum kælimiðlum hafa áhrif kolefna lækkað og orkunotkun farið minnkandi.**

áður voru notaðir. Kælivélaframleiðendur hafa þegar sannreynt þá og notað í afkastaútreikninga sína. Með þessum nýju freon-kælimiðlum hafa áhrif kolefna lækkað en orkunotkun farið hækkandi. Allir þessir kælimiðlar hafa hærri stuðul eða GWP 150 sem eru hámarks viðmiðunarmörk fyrir árið 2022,“ upplýsir Ingvar.

Eftir að hafa skoðað kælimiðla frá ýmsum framleiðendum var lokaniðurstaða Seacrest afgerandi.

„Valið var koldíoxíð ($CO_2$) enda umhverfisvænn kælimiðill með 30 til 50 prósent minni orkunotkun í samanburði við aðra hefðbundna kælimiðla,“ útskýrir Ingvar. „Miklar líkur eru á að $CO_2$ verði kælimiðill framtíðarinnar. Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í þróun á búnaði fyrir $CO_2$. Kerfin eru þegar orðin samkeppnisfær í verðum í samanburði við kerfi sem nota aðra kælimiðla í búnaði með sambærilega virkni og lögð er áhersla á að vélbúnaður sé hagkvæmur í rekstri,“ útskýrir Ingvar.

Þess má geta að eigendur Seacrest Iceland eru hæstánægðir með $CO_2$-kerfið.

„Það er orkusparandi, umhverfisvænt og áreiðanlegt og þegar kerfið hefur verið aðlagað íslenskum aðstæðum er unnt að spara 50 til 70 prósent af rafmagnsorku miðað við R404a-kerfi, en í samanburði er sparnaður í Danmörku 30 til 50 prósent,“ segir Ingvar.

## Meiri gæði og betri rekstur

Miklum sparnaði er hægt að ná á eldsneyti um borð í skipum með notkun $CO_2$-kerfa og hægt að draga stórlega úr mengun.

„Nú þegar eru skip erlendis farin að nota $CO_2$-kerfi og þar líta rekstrartölur mjög vel út,“ segir Elís. „Vegna lægra hitastigs verður frysting 25 prósent hraðari en ella og gæði fisksins þar með líka betri. Einnig þarf 10 prósent minna eldsneyti til að reka kerfið sem er mikið í krónum talið ef við horfum á eldsneytiskostnað í dag.“

Gömlu kælimiðlarnir eru enn ekki skattlagðir hér á landi, sem þýðir að verð eru mjög lág.

„Á Íslandi kostar kíló af R404a um 8.000 krónur en sama magn í nágrannalöndunum kosta um 25 þúsund krónur,“ upplýsir Elís.

Á næstu árum mun verð á kælivökva fara eftir magni mengunar og má áætla að kílóverð verði þá á milli 20 og 50 þúsund krónur.

„Það er þróun sem við Íslendingar komast ekki hjá frekar en aðrar þjóðir. Við búum hins vegar svo vel að geta náð í okkar eigin $CO_2$-kælimiðil hér á landi,“ upplýsir Elís.

## Kælibúnaður til framtíðar

Kælitækni leggur mikið upp úr góðri ráðgjöf og þjónustu og getur sérsniðið lausnir fyrir hvern og einn viðskiptavin. Stærsta og nýjasta kerfið var sett upp í kæli- og frystivöruhótelið Garra sem leitaði eftir umhverfisvænum kælibúnaði sem ekki yrði úreltur eftir nokkur ár.

„Garri valdi $CO_2$-kerfi og eru afar sáttir. Væri $CO_2$-kerfi ekki valmöguleiki hefði þurft að horfa til R404a-kerfa sem úreldast fljótt því frá 1. janúar 2020 verður bannað að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt (GWP) upp á 2.500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40.000 GWP eða meira. Því verða freon-kerfi afar dýr í rekstri þegar kemur að því að kaupa kælivökva og í kjölfarið verður bannað að þjónusta kerfi með miðli sem hefur hærra GWP en 2.500 og fer sá stuðull lækkandi og verður 150 GWP árið 2022. Þetta eru reglur sem nágrannalönd okkar eru nú þegar að fylgja, eða við það að taka upp, og munu Íslendingar væntanlega fylgja í þau fótspor,“ upplýsa Ingvar og Elís.

## Náttúrulegir kælimiðlar

Hlýnunarmáttur (GWP) er mælikvarði á gróðurhúsaáhrif af völdum efnis miðað við sama magn af $CO_2$. GWP fyrir $CO_2$ er 1.

„Losun gróðurhúsalofttegunda, eins og koldíoxíðs ($CO_2$) og metans ($CH_4$) veldur því að hitastig við yfirborð jarðar hækkar (gróðurhúsaáhrif) en á sama tíma verður kaldara í efri hluta heiðhvolfsins,“ útskýrir Ingvar.

„Aukin gróðurhúsaáhrif geta þess vegna lækkað hitastig í heiðhvolfinu svo glitský myndast og niðurbrot ósons eykst. Gróðurhúsaáhrif eiga þess vegna þátt í að seinka endurmyndun ósonlagsins, en aðrir þættir eins og breytingar á hringrásarkerfum lofthjúpsins geta einnig haft áhrif á endurmyndun ósonlagsins,“ útskýrir Ingvar.

Hann segir tilbúna kælimiðla hafa mikil gróðurhúsaáhrif en nú hafi verið þróaðar aðferðir og efni sem hvorki skaði ósonlagið né valdi loftslagsbreytingum.

„Hægt er að nota náttúrulega kælimiðla til kælingar og frystingar, til dæmis ammoníak, $CO_2$ og vetniskolefni. Tæknin hefur þróast þannig að þessir kælimiðlar verða stöðugt öruggari og búnaðurinn ódýrari og orkunýtnari,“ segir Ingvar.

Náttúrulegu kælimiðlarnir koldíoxíð ($CO_2$) hefur GWP 1 og ammóníak ($NH_3$) hefur GWP 0.

„Þetta eru staðgengilsefni fyrir ósoneyðandi efni sem hægt er að nota sem kælimiðla ef fylgt er ströngum öryggiskröfum,“ segir Ingvar.

Vetniskolefni (HC) eru própan og ísóbútan (R-290) og ísóbútan (R-600a).

„Þessir kælimiðlar eru nú þegar notaðir á flesta minni kæliskápa. Þeir eru eldfimir og töluvert minni í afköstum en virka vel í minni kerfum,“ segir Ingvar.

Danir takmarka hámarksfyllingu í frysti- og kælikerfum og er hámarksfylling 10,7 kíló miðað við F-Gas-reglugerðina og mun lækka umtalsvert á komandi árum.

„Á Íslandi er verð á kælimiðlum margfalt lægra en í nágrannalöndum okkar og enginn skattur annar en virðisaukaskattur, en spilliefnagjaldið er 2,5 krónur fyrir kílóið,“ upplýsir Ingvar.

Ljóst er að miklar breytingar eru að eiga sér stað á kæli- og frystikerfum og vinnur Kælitækni hörðum höndum við að ræða þessar breytingar við sína viðskiptavini og koma með lausnir sem henta hverjum og einum með umhverfið í huga.

„Við hjá Kælitækni höfum yfir að ráða fagfólki bæði í sölu og í uppsetningu á öllum okkar búnaði, en þjónustufyrirtæki okkar hefur komið að öllum uppsetningum á $CO_2$-kerfunum frá okkur,“ segja þeir Elís og Ingvar.

Kælitækni er í Rauðagerði 25. Sími 440 1800. Kynntu þér málið betur á kælitækni.is.

# Við höfum ekki tíma til að bíða mjög lengi

## Losun gróðurhúsalofttegunda er vandamál sem öll heimsbyggðin verður að bregðast við. Langstærstur hluti losunarinnar á Íslandi kemur frá framræstu votlendi.

Votlendi er þeim kostum búið að vegna hárrar vatnsstöðu í jarðveginum er skortur á súrefni. Það gerir það að verkum að gróður rotnar ekki heldur safnast í mólög í hundruð eða þúsundir ára. Við framræsingu fer vatnið úr jarðveginum og súrefni kemst að mólögunum sem byrja að rotna og losa gróðurhúsalofttegundir.

„Á Íslandi er samanlögð lengd skurða 34.000 kílómetrar. Það jafngildir 25 hringjum í kringum landið. 61% af þekktri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá framræstu votlendi. Einungis 15% af framræstu landi er nýtt til landbúnaðar. Restina er hægt að endurheimta meira eða minna,“ segir Eyþór Einarsson, stjórnarformaður Votlendissjóðsins.

„Við verðum að endurheimta votlendið sem fyrst því það er stuttur tími til stefnu. Við höfum innan við 10 ár til að snúa þróuninni við samkvæmt sérfræðingum. Ef við náum ekki að draga stórlega úr losun á þeim tíma missum við stjórnina og loftslagshamfarir taka við.“

Votlendissjóðurinn skorar á landeigendur að fylla upp í skurði á landareign sinni og endurheimta þannig votlendi. Sjóðurinn var settur á laggirnar til að fjármagna



Eyþór segir nauðsynlegt að draga úr losun FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

aðgerðir til að endurheimta votlendi og aðstoða þannig landeigendur. Fjármagnið kemur frá fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja bera ábyrgð á sínu kolefnisspori með því að kaupa stöðvun á losun.

„Þetta þarf að gerast hratt. Það er lítill tími fyrir bið. Við þurfum að treysta því að þeir sem eiga framræst votlendi séu tilbúnir til að fylla upp í skurðina. Það er einfaldasta leiðin til að ná skjótum árangri í að draga úr losun hérlendis.

„Okkur vantar fleiri jarðir og meira fjármagn í sjóðinn, en ekki síður hefðum við gagn af aðilum sem gætu lagt okkur lið með jarðýtum og gröfum“ segir Eyþór. Á vefsíðunni votlendi.is eru nánari upplýsingar um hvernig hægt er að leggja sjóðnum lið og leggja sitt af mörkum til verkefnisins sem og kolefnisjafna sig.

# Menntun stúlkna og loftslagsbreytingar

## Umhverfisáhrif eru ekki staðbundin.

Íslensk fyrirtæki eru flest hluti af alþjóðlegum virðiskeðjum og hafa því umhverfisfótspor víða. Erlend fyrirtæki hafa einnig fótspor á Íslandi. Þau umhverfisáhrif sem verða vegna reksturs fyrirtækja eru ekki staðbundin og áhrifa þeirra gætir víða. Til dæmis veldur neysla og framleiðsla vestrænna ríkja miklum umhverfisáhrifum í þróunarlöndunum.

Teymi 200 vísindamanna hefur raðað lausnum til að vega á móti umhverfisáhrifum eftir eiginleikum þeirra. Lausnunum er hægt að skipta í tvo flokka: lausnir sem binda kolefni, til dæmis varðveisla hitabeltisregnskóga sem draga í sig kolefni úr andrúmsloftinu, og lausnir sem koma í veg fyrir losun kolefna eins og vindtúrbínur á landi eða menntun stúlkna í þróunarlöndunum.

„Það er forvitnilegt að sjá að vindtúrbínur á landi hafa 17 sinnum meiri áhrif á samdrátt en LED-lýsingarvæðing í atvinnurými og að mennta stúlkur hefur fimm sinnum meiri áhrif en rafbílavæðing. Allar þessar lausnir eru þó mikilvægar,“ segir Bjarni Herrera hjá Circular.

„Mikilvægt er að hafa í huga að mótvægiskúrfa lausnanna er mismunandi. Til dæmis skilar



Bjarni Herrera og Hafþór Ægir frá CIRCULAR (á myndina vantar Reyni Smára). CIRCULAR sérhæfir sig í sjálfbærni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

vindtúrbína strax miklum ábata en menntun stúlkna skilar minni ábata í upphafi en meiri til lengri tíma.“

Mörg fyrirtæki hafa ákveðið að miða sitt sjálfbærnistarf meðal annars við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fyrirtæki geta valið sér mótvægisverkefni um allan heim sem styðja við heimsmarkmiðin. Sem dæmi má nefna markmiðin um kynjajafnrétti, vinnuhópar samsettir af báðum kynjum hafa til dæmis gróðursett tré, og markmiðin um endurnýjanlega orku veitta til dæmis fjölskyldum í Víetnam aðgang að lífgasi.

Erlendir aðilar sem sjá um að stýra fjármagni í slík verkefni votta gjarnan verkefnin í samræmi við alþjóðlega staðla. Það gefur þeim fyrirtækjum sem ákveða að jafna sitt umhverfis- og samfélagsspor öryggi. Margir þessara aðila bjóða einnig upp á kolefnishlutleysisvottun í samræmi við alþjóðlega staðla.

Eins og íslensk fyrirtæki gætu litið til slíkra erlendra aðila gætu erlend fyrirtæki litið til Íslands til að kolefnisjafna hluta af sínu fótspori hérlendis.

Nánari upplýsingar og blogg um mótvægisaðgerðir má finna á www.circularsolutions.is



Losun gróðurhúsalofttegunda frá laxeldi nam um31 þúsund tonnum $CO_2$-ígilda árið 2017 sem laxeldisbændur eru ánægðir með. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kolefnisspor sjókvíaeldis kemur á óvart

## Kolefnisspor sjókvíaeldis er svipað og við veiðar á villtum fiski og minna en í annarri framleiðslu á dýraafurðum til manneldis samkvæmt nýrri skýrslu.

Landssamband fiskeldisstöðva óskaði eftir því við Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. að reikna út kolefnisspor sjókvíaeldis á Íslandi og benda á raunhæfar leiðir til kolefnisjöfnunar.

Jafnframt var þróað reiknilíkan á Excel-formi sem gerir einstökum laxeldisfyrirtækjum kleift að reikna kolefnisspor framleiðslu sinnar, þ.e.a.s. magn gróðurhúsalofttegunda sem losnar við framleiðslu á hverju kílói af laxi til manneldis. Inn í þessa reikninga var tekin framleiðsla og flutningur fóðurs og annarra aðfanga, eldið sjálft, orkunotkun, notkun kælimiðla og meðhöndlun úrgangs, svo og pökkun og flutningur afurða frá laxeldisstöð til dreifingarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

Meginniðurstaða verkefnisins er að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá laxeldi í sjó á Íslandi hafi verið um 31.000 tonn $CO_2$-ígilda árið 2017, eða sem nemur 3,21 kg $CO_2$-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð. Er niðurstaðan sögð vera í góðu samræmi við erlenda útreikninga.

Kolefnisspor sjókvíaeldis er samkvæmt þessari formúlu svipað og við veiðar á villtum fiski og lægra en í flestri annarri framleiðslu á dýraafurðum til manneldis.

Langstærsti hlutinn af kolefnisspori laxeldis á Íslandi, eða um 93 prósent, liggur í framleiðslu og flutningum á fóðri. Um þrjú prósent stafa af framleiðslu og flutningi umbúða og um tvö prósent af flutningi afurða til dreifingarstöðvar. Aðrir þættir hafa minna vægi.

Af þessu er ljóst að áhrif greinarinnar á loftslagið liggja fyrst og fremst í starfsemi sem fram fer utan laxeldisstöðvanna sjálfra.

Í skýrslunni segir að rekstraraðilar stöðvanna hafi takmarkaða möguleika á að draga úr neikvæðum áhrifum greinarinnar á loftslag jarðar.

**» Hægt væri að kolefnisjafna alla losun gróðurhúsalofttegunda frá sjókvíeldi á Íslandi með landbótaaðgerðum, þ.e.a.s. landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.**

„Vissulega myndi bætt nýting fóðurs minnka kolefnissporið, en úrbótum á þessu sviði eru takmörk sett þar sem greinin er þegar nálægt þekktu lágmarki hvað varðar fóðurnotkun á hvert kíló af fiski,“ segir þar enn fremur.

Hægt væri að kolefnisjafna alla losun gróðurhúsalofttegunda frá sjókvíaeldi á Íslandi með landbótaaðgerðum, þ.e.a.s. landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Sem dæmi má nefna að til að kolefnisjafna alla losun greinarinnar eins og hún var árið 2017 þyrfti að endurheimta um 1.590 ha af votlendi.



# Mikilvægt að endurheimta votlendi í baráttunni við loftslagsbreytingar

**Endurheimt framræsts votlendis er ein af þeim aðgerðum sem Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) viðurkennir sem gilda aðgerð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.**

Eitt af verkefnunum sem Verkís verkfræðistofa hefur sinnt á þessu sviði er endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Svæðið sem um ræðir er á norðurbakka Úlfarsár frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ í austri að vegi niður að Víðimýri í vestri. Úlfarsá rennur um votlendi sem hefur að hluta verið framræst og eru þar tún sem nú eru nýtt til hrossabeitar eða land sem var þurrkað og ekki ræktað upp. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 2010 – 2030 skal stefna að því að endurheimta mikinn hluta fyrra votlendis í Úlfarsárdal ofanverðum með því að moka ofan í framræsluskurði samhliða öðrum umhverfisbótum og uppbyggingu fjölbreyttrar aðstöðu til útivistar

Rannsóknir sýna að endurheimt votlendis færir gróðurhúsalofttegundabúskap mýra í fyrra horf og því er ljóst að með slíkum aðgerðum má draga verulega úr losun. Votlendi þekur um 20% af grónu flatlendi Íslands. Þegar votlendi er ræst fram og þurrkað fer það að losa kolefni í formi gróðurhúsalofttegunda. Líkt og önnur gróðurlendi þá bindur votlendi kolefni þegar gróður er í vexti og umbreytir koltvísýringi í kolefni og súrefni við ljóstillífun. Hluti af kolefni gróðurlendanna losnar aftur við árstíðabundið niðurbrot og rotnun á laufi og öðrum gróðurhlutum. Sökum hárrar vatnsstöðu votlendis þá hægir verulega á niðurbroti jurtaleifa þannig að uppsöfnun kolefnis er meiri í votlendi en þurrlendi. Við endurheimt snýst þetta ferli við og binding kolefnis hefst að nýju. Þannig er endurheimt votlendis mikilvæg aðgerð í baráttunni við loftslagsbreytingar.



Mynd tekin í Úlfarsárdal 6. júní 2019.



Mynd tekin af sama svæði 21. maí 2018.

### Koma að verkefninu á öllum stigum þess

„Verkís kom fyrst að verkefninu fyrir um þremur árum með skýrslu sem var unnin fyrir Reykjavíkurborg þar sem tillaga var gerð að aðgerðaáætlun fyrir endurheimt á svæðinu, ásamt því að fjallað var um áhrif á gróðurfar og dýralíf. Einnig var fjallað um áhrif endurheimtar á gróðurhúsalofttegundir og bindingu kolefnis á svæðinu,“ segir Arnór Þórir Sigfússon, dýravistfræðingur hjá Verkís og verkefnisstjóri verkefnisins.

Í mars á þessu ári ákvað Reykjavíkurborg að hefja endurheimt á svæðinu sem mun í heild taka til 87 hektara svæðis. Fyrsta áfanga lauk í lok maí með endurheimt votlendis á tíu hektara svæði næst sveitarfélagsmörkunum við Mosfellsbæ. Verkís vann magntöku og útboðsgögn og annaðist eftirlit með framkvæmdinni. Landslagshönnuður hjá Verkís kom að verkefninu með það að markmiði að svæðið verði fallegra eftir á, m.a. með hönnun tjarna. Þannig kom Verkís að verkefninu á öllum stigum þess.

„Í skýrslunni sem Verkís vann árið 2016 kemur fram að á umræddu 87 hektara svæði í Úlfarsárdal er gróft áætlað að endurheimta megi votlendi á um 75% svæðisins. Endurheimt votlendis á þessu svæði, þ.e. á um 65 hekturum, bindur mögulega um 400 tonn af kolefni í jörðu á ári, eða sem nemur meðalakstri 150 bíla á ári,“ segir Arnór Þórir.

Í meginatriðum er gert ráð fyrir að skurðir verði stíflaðir á nokkrum stöðum. Skurðir á svæðinu eru misdjúpir, sumir hafa gróið að hluta til upp og í þeim er mismikið vatn. Sums staðar eru eftir leifar af uppúrgreftri á bökkum og fara mætti með gröfu á svæðið til að moka þeim haugum ofan í skurðina.



Arnór Þórir Sigfússon, dýravistfræðingur hjá Verkís. MYND/ JÓN SIGURÐSSON

**Á umræddu 87 hektara svæði í Úlfarsárdal er gróft áætlað að endurheimta megi votlendi á um 75% svæðisins.**

### Skipta einsleitum túnum út fyrir skemmtilegt lífríki

„Til að auka fjölbreytni svæðisins hvað varðar gróður og dýralíf má beita ýmiss konar landmótun. Þegar túnin urðu til var land sléttað og lækjum sem runnu um svæðið veitt í beina skurði auk þess sem skurðirnir skipta upp landinu. Hægt er að reyna að endurskapa þúfur í þurrari hluta svæðisins og búa til vatnsrásir og polla þar sem skapast skjól fyrir fuglavarp, aukin fjölbreytni gróðurs og aðstæður fyrir smádýralíf,“ útskýrir Arnór Þórir.

Við það að landið blotni aftur upp á nýtt við lokun skurða verða margvíslegar breytingar. Votlendisgróður tekur við af þurrlendisgróðri og samsetning fuglafánunnar breytist, en fuglalíf í Úlfarsárdal er nokkuð fjölbreytt. Ávinningurinn er því margþættur, við vinnum gegn hlýnun jarðar og fáum til baka fjölbreytt og skemmtilegt lífríki, gróður, fugla og smádýr, þar sem nú eru einsleit tún og nauðbeitt hrossahólf.

Verkís kemur að mörgum verkefnum á sviði umhverfismála er snúa að áhrifum framkvæmda og áætlana og með hvaða hætti megi draga úr áhrifum þeirra á umhverfið.

Umhverfisvernd og umhverfismál koma að flestu sem við tökum okkur fyrir hendur í hinu daglega lífi, hvort sem það snýr að framkvæmdum eða okkar persónulegu athöfnum.

Nánar er fjallað um þjónustu Verkís á þessu sviði á heimasíðu verkfræðistofunnar, www.verkis.is.

# Löng umhverfisvitund hjá Valitor

**Valitor hefur lengi verið með puttann á púlsinum varðandi græna vitund og umhverfismál. Samfélagssjóður fyrirtækisins var stofnaður árið 1992.**



**Guðmunda Smáradóttir, starfsþróunarstjóri Valitors.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Starfsmenn eru almennt meðvitaðir um að leggja sitt af mörkum, eru duglegir að sýna frumkvæði og benda á hluti sem mega betur fara. Sem dæmi þá vann stýrihópur starfsmanna að metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum árið 2016 og fyrirtækið vinnur enn samkvæmt aðgerðaráætlun hópsins,“ segir Guðmunda Smáradóttir, starfsþróunarstjóri Valitor en fyrirtækið hefur verið með puttana á púlsinum þegar kemur að grænni vitund í hartnær þrjá áratugi. Samfélagssjóður Valitor var stofnaður árið 1992 og hefur frá upphafi stutt við margvísleg umhverfis- og samfélagsmál.

Starfsmenn áttu einnig frumkvæði að því að plokka og virkjuðu fyrirtæki í nágrenni með í átakið. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum. „Starfsmönnum Valitor hefur boðist að gera samgöngusamninga síðan 2012 og þannig nýta sér umhverfisvæna kosti í samgöngum til og frá vinnu. Fyrirtækið býður starfsfólki jafnframt að kolefnisjafna eigin samgöngur með samningi við Kolvið sem gefur því tækifæri til þess að vernda umhverfið á einfaldan hátt. Starfsmenn flokka allt sorp samviskusamlega og eingöngu er notast við margnota sem og lífræn glös og bolla,“ bendir Guðmunda á.

Valitor er eitt rúmlega 100 íslenskra fyrirtækja sem staðfestu Parísarsáttmálann um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015 og í kjölfar þeirrar undirritunar fór boltinn að rúlla enn hraðar hjá fyrirtækinu í þessum efnum. „Valitor setti sér markmið um að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif enn frekar og hefur síðan dregið markvisst úr kolefnislosun og orkunotkun félagsins með sjálfbærni og vernd umhverfisins að leiðarljósi,“ segir hún og hrósar frumkvöðlastarfinu sem var unnið á árum áður. „Við erum komin vel af stað og mjög gott frumkvöðlastarf hefur verið unnið hjá fyrirtækinu sem hefur rutt veginn fyrir okkur hin. Það hefur gengið ágætlega hjá okkur en betur má ef duga skal.

Við viljum axla ábyrgð og gera það sem í okkar valdi stendur til þess að stuðla að vitundarvakningu meðal starfsmanna og samstarfsmanna í umhverfismálum sem vonandi hefur áhrif út í umhverfið allt.“

Dæmi um verkefni sem þegar hafa verið unnin hjá Valitor:

- Endurnýjun bílaflota Valitors. Í dag á fyrirtækið þrjá rafbíla og tvo tvinnbíla. Komið hefur verið upp rafmagnshleðslustöðvum fyrir bíla fyrirtækisins sem og starfsmanna.
- Höfuðstöðvar Valitors í Dalshrauni eru í grænni leigu hjá Reitum sem felst í vistvænum og sjálfbærum rekstri og viðhaldi bygginga sem leiðir til heilnæmara umhverfis fyrir starfsfólk.
- Valitor býður starfsfólki upp á samgöngusamninga og hvetur starfsfólk til þess að nýta sér umhverfisvæna kosti í samgöngum til og frá vinnu.
- Valitor býður upp á gott aðgengi fyrir hjól sem og búningsklefa og sturtur.
- Umhverfisvænt og rafrænt bókhald.
- Valitor er í samstarfi við Klappir sem auðveldar fyrirtækinu að kortleggja betur eigin kolefnisspor og setja sér mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Valitor hefur fjárfest í kolefnisbindingu hjá Kolviði til að jafna út áhrif rekstursins á umhverfið. Gróðursett verða 2.050 tré á árinu sem klæða munu einn hektara lands á Úlfljótsvatni.

# Kaffibolli sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið

**Sænski kaffiframleiðandinn Sjöstrand blés til kaffifagnaðar í síðustu viku í HAF Store.**

Kaffiframleiðandinn Sjöstrand blés í partílúðrana í síðustu viku þar sem kynntar voru nýjungar hjá fyrirtækinu sem hefur þrátt fyrir ungan aldur slegið í gegn hjá íslensku þjóðinni.

Um er að ræða 100% lífrænt ræktað kaffi í hylkjum sem brotna niður í náttúrunni, framleitt úr sterkju og plöntutrefjum og má því henda með lífrænum úrgangi. Að þessu sinni kynnti Sjöstrand nýjar kaffitegundir, tvær espresso, eina lungo og eina koffínlausa tegund.

Auk þess er um glæný hylki að ræða þar sem kolefnissporið frá baun í bolla er bætt að fullu og rúmlega það. Það má því segja að hver kaffibolli frá Sjöstrand hafi jákvæð áhrif á umhverfið. Margt var um manninn þar sem gestir smökkuðu kaffið og gæddu sér á léttu snarli frá OLIFA og Omnom Chocolate.

Auðvitað voru kaffikokteilar hristir ofan í gesti, Sjöstrand Espresso Martini, Sjöstrand Gin&Tonik og Sjöstrand kaffi Tonik sem Klakavinnslan hristi af sinni alkunnu snilld.

Nánari upplýsingar um Sjöstrand kaffivélarnar og kaffihylkin á sjostrand.is.



**Álfrún Pálsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.**



**Kaffibræður, Gunnar Steinn Jónsson og Viktor Bjarki Arnarsson sem eru með umboðið fyrir Sjöstrand á Íslandi.** MYNDIR/ALDÍS PÁLSDÓTTIR





**Aldís Páls, Saga Sig og Svana Lovísa Kristjánsdóttir.**



**Kolbrún, Katla og Harpa Kára.**



**Þyrí Huld Árnadóttir og Hrafnkell Hjörleifsson.**

# SPORT 24

## Íþróttavöruverslun




adidas · NIKE · hummel · PUMA

Champion · ellesse · FILA

**Opnunartími**

Virka daga 11-18
Laugardaga 12-15

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook


Límónaði er sumarlegur drykkur.

## Svalandi sumarlímónaði

Límónaði er dásamlega frískandi sumardrykkur. Hér er uppskrift sem er að allra skapi. Hún er í senn sæt og smá súr og svalar vel í sumarhitanum. Setjið ⅓ bolla sykurs og ⅓ bolla vatns saman í pott og hitið yfir meðalhita í 5 til 10 mínútur eða þar til vökvinn er orðinn að glæru sírópi. Takið til stóra könnu og hellið í hana sírópinu saman við hálfan bolla af límónusafa, fullt af skornum jarðarberjum, 20 mintulauf og tvo bolla af köldu vatni. Kælið í ísskáp í tvo til þrjá tíma, berið þá fram og njótið. Uppskriftin passar fyrir tvo.


Hlín er fyrsta konan til að gegna formannsstöðu.

## Hlín Hólm tekur við af Ásgeiri

Hlín Hólm, deildarstjóri flugleiðsögudeildar Samgöngustofu, var kosin formaður stýrihóps flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi (North Atlantic System Planning Group, NAT SPG) til næstu fjögurra ára á fundi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í París í gær.

Hlín er fyrsta konan sem gegnir stöðu formennsku í hópnum en hún tekur við af Ásgeiri Pálssyni framkvæmdastjóra flugleiðsögusviðs Isavia sem gegnt hefur formennsku undanfarin 20 ár.

Hlutverk NAT SPG er að annast eftirlit með gæðum flugleiðsöguþjónustu innan NAT-svæðis ICAO, en svæðið spannar loftrýmið yfir Atlantshafinu frá norðurpól að 45 gráðum norðlægrar breiddar. Einnig stýrir NAT SPG innleiðingu nýrrar tækni, vinnuaðferða og staðla fyrir flugleiðsögu.

Aðildarríki NAT SPG eru Bandaríkin, Kanada, Ísland, Noregur, Danmörk, Stóra-Bretland, Írland, Frakkland og Portúgal. Auk þeirra taka þátt fulltrúar frá IATA (alþjóðasamtökum flugfélaga), IBAC (alþjóðasamtökum flugrekenda einkavéla), IFALPA (alþjóðasamtök flugmanna), IFATCA (alþjóðasamtökum flugumferðastjóra) og INMARSAT (veitanda gervihnattaþjónustu).

Hlín Hólm er deildarstjóri flugleiðsögudeildar Samgöngustofu. Samgöngustofa ber ábyrgð á skipulagi loftrýmisins í lofthelgi Íslands og því loftrými sem Ísland ber ábyrgð á. Einnig veitir Samgöngustofa starfsleyfi vegna flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar og hefur eftirlit með veitingu slíkrar þjónustu. Þessum verkefnum sinnir SGS í nánu samstarfi með starfsleyfishöfum, Isavia og Veðurstofu Íslands, sem og hagsmunaaðilum.

## Ungstirni gefur út lag í samstarfi við pródúser Black Eyed Peas

Tónlistarkonan Siggy eða Sigurborg Sigurjónsdóttir hefur gefið út sitt fyrsta lag sem kallast Never did I. Siggy er 24 ára lagahöfundur og söngkona og er fædd og uppalin í Los Angeles. Hún vann lagið fyrst ásamt Arnari Inga Ingasyni á Íslandi en lokavinnslan fór fram í LA undir stjórn Printz Board sem er þekktastur fyrir vinnu sína með hljómsveitinni Black Eyed Peas, DJ Mustard, CeeLo Green, Mark Ronson, og John Legend.

Ásamt laginu kemur út myndband sem leikstýrt er af Önnu Maggý.

„Lagið Never did I er innblásið af þeirri tilfinningu sem ég held að við upplifum öll einhvern tímann á lífsleiðinni. Þegar við áttum okkur á því að einhver sem áður var ókunnur stendur okkur nú næst, einhver sem við eitt sinn áttum leið hjá er núna okkar heittelskaði, hve ástin er óútreiknanleg og ótrúlegustu einstaklingar eru orðnir þér mikilvægastir,“ segir hún. „Ég vann með nokkrum manneskjum í þessu lagi, fyrst með Young Nazareth, ungum og hæfileikaríkum pródúsent frá Íslandi, hann samdi taktinn. Printz Board, sem er mjög reyndur pródúser í Los Angeles, hjálpaði við að binda þetta allt saman. Við bjuggum saman til þetta lag sem ég vona að fólk njóti og fái það til þess að muna eftir þeim sem þau vissu aldrei að þau myndu elska en gerðu samt, og að hugsa til þess að þú vitir aldrei hvaða fólki þú munt mæta á lífsleiðinni.“


Siggy er 24 ára lagahöfundur.




# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar til sölu



35" Toyota Land Cruiser 120 LX dísel, átta sæta. Ek. 155 þ.km nýsk. 06/05. Sjálfskiptur, topplúga, krókur, loftdæla, ný dekk, ný tímareim, undirvagn yfirfarin. Verð. 3,2 m.kr staðgr. Uppl. 896 3143

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

### Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

VEIÐIPORTIÐ



**Frábærir slöngubátar**
300 cm. – 99.000kr
330 cm. – 149.000 kr.
360 cm. – 189.000kr
430 cm. – 299.000kr
5 ára ábyrgð

Nánar um bátana á veidiportid.is

**Veiðiportið**
Grandagarði 3
101 .s.552-9940

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

